

**SKOÐUN** „Mér líður samt ekkert eins og íkorna,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson. 13



**MENNING** Love Gúrú snýr aftur á tíu ára afmælinu með nýju lagi, Phatbull, sem fær þó litla spilun. 30



**SPORT** Ólafur Stefánsson var kvaddur með tíu marka sigri á Rúmenum í Laugardalshöll í gær. 26




FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Mánudagur**
17. júní 2013
140. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

## FRÉTTIR



### Silfra slær allt annað út

Fimm kampakátir kafarar léku á als oddi er þeir dýfðu sér í Silfru. Pólskur leiðsögumaður segir gjána slá allt annað út. 2

**Fáorðir um Dorrit** Opinberir aðilar eru fámálir um lögheimilisflutning forsetafrúarinnar Dorritar Moussaieff til Bretlands. 4

**D-vítamínskortur** Niðurstöður rannsókna sýna að skortur á D-vítamíni getur valdið háum blóðþrýstingi. 6

**Minni sjónmengun** Verði Hverahlíðavirkjun ekki byggð verða sjónræn áhrif framkvæmda á Hellisheiði mun minni. 10




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 11° | S | 5 |
| Akureyri | 13° | SSV | 3 |
| Egilsstaðir | 16° | SSV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 9° | SSA | 4 |
| Reykjavík | 10° | SSA | 6 |

**Hæglætisveður,** bjart eða bjart með köflum norðaustan til. Skýjað sunnan- og vestanlands en vaxandi vindur með úrkomu undir kvöld. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Bílar | Fólk**









**GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ** Veðurspár gera ráð fyrir ágætis veðri um allt land í dag og ættu því 17. júní hátíðarhöld að geta farið hið besta fram á Þingvöllum sem og annars staðar á landinu. Að venju er þjóðhátíðardagskráin fjölbreytt hvert sem litið er og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. **Sjá síðu 30** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Innflytjendur skila þjóðarbúinu miklu

Fá OECD-ríki græða jafnmikið á innflytjendum og Ísland. Þeir auka landsframleiðslu hér um tæpt prósent. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu. Félagsmálaráðherra segir niðurstöðuna sýna fram á mikilvægi þess að stutt sé við innflytjendur.

**INNFLYTJENDAMÁL** Innflytjendur hafa jákvæðari áhrif á ríkiskassa Íslands en flestra þeirra ríkja sem við berum okkur saman við.

Fram kemur í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) að Ísland er í fimmta sæti af þeim 27 sem könnuð voru með tilliti til þess hversu mikið innflytjendur leggja til samfélagsins. Hér auka þeir verga landsframleiðslu um 0,9 prósent, samanborið við 0,35 prósent að meðaltali í OECD-ríkjunum.

Útreikningarnir byggja á tölum frá 2007 til 2009, en jafnframt kemur fram að fjármálakreppan hafi hvergi dregið jafnmikið úr flæði innflytjenda og á Írlandi og Íslandi.

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segir að þótt niðurstöðurnar byggi á nokkurra ára gömlum tölum megi draga af þeim ýmsar ályktanir.

„Sú helsta er mikilvægi virkrar þátttöku innflytjenda í atvinnulífinu og samfélaginu í heild. Vinna er og verður forsenda vaxtar og velferðar okkar allra, óháð uppruna,“ segir Eygló.

„Undirstaða virkar þátttöku til framtíðar er síðan góð íslenskukennsla og stuðningur til að kynnast og læra á íslenskt samfélag. Rannsóknin staðfestir og minnir okkur á að samfélagið í heild hagnast á því.“

Lúxemborg trónir á toppi listans. Þar auka innflytjendur landsframleiðslu um rétt rúm tvö prósent, en hafa ber í huga að þar eru innflytjendur rúmlega 42 prósent íbúa, að því er fram kemur í skýrslunni, samanborið við ellefu prósent á Íslandi.

Neikvæðustu efnahagsáhrifin hafa innflytjendur í Þýskalandi, þar sem þeir draga úr landsframleiðslu um sem nemur 1,13 prósentum. **- sh, sv**

### ÁHRIF INNFLYTJENDA

**5 EFSTU**

| | |
|---|---|
| Lúxemborg | 2,02% |
| Sviss | 1,95% |
| Ítalía | 0,98% |
| Grikkland | 0,98% |
| Ísland | 0,9% |

**5 NEÐSTU**

| | |
|---|---|
| Slóvakía | -0,06% |
| Írland | -0,23% |
| Pólland | -0,32% |
| Frakkland | -0,52% |
| Þýskaland | -1,13% |

*Tölurnar sýna áhrif innflytjenda á verga landsframleiðslu*



**ÍSLENSKUKENNSLA BRÝN** Félagsmálaráðherra telur íslenskukennslu undirstöðu þess að innflytjendur geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

Þráinn Árni í Skálmöld:

## Hitti átrúnaðargoðið úr Kiss

**FÓLK** Þráinn Árni Baldvinsson, gítarleikari Skálmaldar og Kiss-aðdáandi, hitti Gene Simmons, bassaleikara Kiss, og aðra meðlimi rokksveitarinnar fyrir tónleika hennar í Kaupmannahöfn á þriðjudagskvöld.

Aðdáendaklúbbur Kiss á Íslandi skipulagði hópferð á tónleikana. „Þetta var stórkostlegt,“ segir Þráinn Árni um fundinn með Simmons. „Gene talaði fallega um land og þjóð og gaf sér góðan tíma til að spjalla og að sjálfsögðu krota á plötur fyrir mig.“ **- fb / sjá síðu 30**



## SPURNING DAGSINS



Finnst þér forsvarsmenn fegurðarsamkeppninnar óttalegir kálfar?

**„Þeir eru kannski ekkert nautheimskir, en þeir eru ekki alveg í samræmi við nútímann.“**

Katrín Oddsdóttir lögfræðingur sagði í umfjöllun um Fegurðarsamkeppni Íslands í helgarblaði Fréttablaðsins að konur væru metnar eins og nautgripir í keppninni.

Leyfilegt verður að veiða allt að 180 langreyðar á yfirstandandi hvalveiðivertíð:

# Hvalur 8 og Hvalur 9 farnir á veiðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalveiðar eru hafnar að nýju eftir tveggja ára hlé. Kvótinn er 154 langreyðar en heimildir eru til að bæta við hann tuttugu prósentum af óveiddum dýrum frá fyrri vertíð, þannig að mögulega verða veidd allt að 180 dýr ef vel gengur.

Er þetta síðasta árið af fimm ára leyfi um veiðar á tegundinni, sem í gildi hefur verið frá árinu 2009.

Tveir bátar, Hvalur 8 og Hvalur 9, sem bundnir hafa verið við bryggju í Reykjavík undanfarin tvö ár, munu stunda veiðarnar líkt og á síðustu vertíðum. Ástæða þess að hvalveiðar fara nú af stað eftir hlé er að ræst hefur úr efnahagsástandinu í Japan, en þangað fara allar afurðir langreyðanna utan mjöls og lýsis. Kjötið er ætlað til manneldis. Hætt var við veiðar síðasta árs eftir náttúruhamfarir í Japan árið 2011, en þá skemmdist meðal annars niðursuðuverksmiðja sem tekur við íslenska hvalkjötinu. Líkur eru á að veiðarnar standi fram í lok septembermánaðar en eftir þann tíma verða þær erfiðari, meðal annars þar sem veiða þarf hvalina í björtu.

Á milli 150 og 200 manns fá vinnu vegna veiðanna, á sjó og í landi. Afurðirnar verða unnar í Hvalstöðinni í Hvalfirði, í frystihúsi Hvals í Hafnarfirði og í Heimaskagahúsinu á Akranesi. - hþ, - shá



**GERT KLÁRT** Rétt áður en bátarnir lögðu úr höfn í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL AÐALSTEINSSON



**ENN ALLT Á FLOTI** Myndin er tekin á laugardag nálægt þorpinu Fajsz, sem er um 180 kílómetrum fyrir sunnan Búdapest. Búist er við að hægt verði að byrja að flytja þá sem yfirgefa þurftu heimili sín til baka í dag.

Þúsundir Mið-Evrópubúa hafa þurft að yfirgefa heimili sín:

# Hamfaraflóðið í Dóná í rénun

**BÚDAPEST Verstu flóð í áratug herja nú á Mið-Evrópu og hafa þúsundir manna orðið að yfirgefa heimili sín vegna þeirra. Í Búdapest náði vatnsborð Dónár 8,91 metra hæð, sem er það mesta sem mælst hefur. Flóðavarnargarðar meðfram þeim hverfum borgarinnar sem í mestri hættu voru héldu þó og nú hefur vatnsborðið lækkað nokkuð.**

**Íbúar í ýmsum þorpum meðfram Dóná voru fluttir á brott í forvarnaskyni en engin slys hafa orðið á fólki í Ungverjalandi og búist er við að fólkið geti snúið heim á morgun.**

**Björgunarþyrluflugmenn og hermenn hafa verið önnum kafnir undanfarna viku við að flytja fólk á brott og byggja varnargarða úr sandpokum með hjálp sjálfboðaliða úr hópi heimamanna.** - fbs

Nyrsti punktur lætur á sjá:

## Kolbeinsey er nú tvískipt

**LANDMÆLINGAR** Kolbeinsey er nú orðin tvískipt og hefur mjög látið undan ágangi sjávar, hafíss og veðra. Þetta kom í ljós þegar áhöfn varðskipsins Þórs fór nýverið og mældi eyjuna. Vestari hluti hennar er nú 29 sinnum 12,4 metrar og hæsti punktur 3,8 metrar. Austari hluti eyjunnar er 21 sinnum 14,6 metrar, en skarðið á milli er fjögurra metra breitt.

Kolbeinsey er nyrsti punktur Íslands og var miðað við hana þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 200 mílur og mörkuð var miðlína milli Grænlands og Íslands. - shá

7.515 atvinnulausir:

## Atvinnuleysi í maí var 4,3%

**ATVINNUMÁL** Skráð atvinnuleysi í maí var 4,3%, en að meðaltali voru 7.515 atvinnulausir og fækkaði atvinnulausum um 483 að meðaltali frá apríl.

Skráð atvinnuleysi að meðaltali frá janúar til maí 2013 var 5,1%. Í maí var atvinnuleysið 3,8% meðal karla og 4,9% meðal kvenna. Atvinnuleysið var 4,8% á höfuðborgarsvæðinu og minnkaði úr 5,3% í apríl. Á landsbyggðinni var atvinnuleysið 3,5% og minnkaði úr 4,1% í apríl. Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum, 6,5%. Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra, 1,6 %. - shá



**ÞUNG SPOR** Frönsku hjónin í hópnum drógust örlítið aftur úr þegar kafararnir gengu í sligandi búningunum í átt að Silfru. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjölþjóðalið í Silfru undir pólskri stjórn

Fimm kampakátir kafarar léku á als oddi er þeir dýfðu sér í gjána Silfru á föstudag. Pólskur leiðsögumaður sagði Silfru slá út alla staði vegna tærleika. Bandaríkjamaður, Kanadamaður og frönsk hjón fylgdu Pólverjanum ofan í djúpið.

**FÓLK** „Ég hef víða farið á fjögurra ára ferli en Silfra slær allt annað út,“ sagði pólski leiðsögumaðurinn Michail Zinieuricz hjá köfunarþjónustunni dive.is, sem fylgdi fríðum flokki fjölþjóðlegra kafara ofan í Silfru á Þingvöllum á föstudaginn.

Young Kim frá Los Angeles sagðist einu sinni hafa farið í Silfru áður. Það hefði verið þá um morguninn en það hefði aðeins verið yfirborðsköfun, svokallað snorkl. Nú biði sjálf alvöru köfunin.

„Það var frábært í morgun og ég er mjög spenntur fyrir köfuninni,“ sagði Young á meðan hann undirbjó sig á bílastæðinu þar sem köfunarfyrirtækin hafa aðstöðu.

Kanadamaðurinn Brennan Moran, sem er frá Nova Scotia en býr nú í Alberta-fylki, sagðist hafa komið til Íslands í fyrra og algerlega heillast.

„Ég ákvað að hingað kæmi ég aftur og hér er ég kominn og ætla að vera í þrjá mánuði,“ sagði Brennan, sem er að bæta við sig köfunargráðum og nýtur meðal annars handleiðslu Michails Zinieuricz.

Nokkur gangur er frá bækistöðvum kafaranna að Silfru og sást þá á mannskapnum að búningurinn er ekki léttur klæðnaður. Delphine Schoch og Martin Le Menach, sem ráku lestina, reyndust þó bæði fullkomlega spræk þegar ofan í ískalt vatnið var komið.

> **„Við lásum um Silfru á netinu og ákváðum að þetta yrðum við að reyna.**
>
> *Martin Le Menach, kafari frá Frakklandi.*

„Við lásum um Silfru á netinu og ákváðum að þetta yrðum við að reyna,“ svaraði Martin spurður hvað hefði rekið þau hjónin alla leið frá Bretagne til að svamla í Silfru.

Útsendarar Fréttablaðsins sáu það síðast til hópsins að hann hvarf í dýpið og skildi eftir sig fimm loftbólustróka sem færðust hægt og rólega út gjána.

gar@frettabladid.is




Iðnaðarráðherra undirbýr gjaldtöku á öllum ferðamannastöðum landsins:

# Ferðamenn rukkaðir sem fyrst

**FERÐAMÁL** Til stendur að koma á gjaldtöku á öllum ferðamannastöðum á Íslandi og er vinna við undirbúning þess hafin í iðnaðarráðuneytinu.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra segist vona að vinnan geti gengið hratt og vel fyrir sig. „Þetta má ekki bíða lengi. Best væri ef við gætum komið þessu á fyrir næsta sumar,“ segir Ragnheiður.

Ráðherrann segir það vera rétta þróun að taka upp gjaldtöku, hvort sem hún yrði í formi náttúrupassa, gjaldhliða eða einhverju enn öðru.

„Ég vil hafa þetta sem einfaldast, þetta er rétt þróun. Við þurfum að tryggja öryggi fólks, uppbyggingu á þessum stöðum og vernd náttúrunnar. Það þarf að koma á einhvers konar gjaldtöku og við verðum að vinna þetta hratt.“



**BARA ÚTLENDINGAR?** Ráðherra treystir sér ekki til að segja til um hvort Íslendingar verði líka rukkaðir inn á ferðamannastaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragnheiður Elín treystir sér ekki til að segja til um hvort einungis eigi að rukka erlenda ferðamenn eða hvort Íslendingar muni líka þurfa að greiða fyrir að skoða náttúruperlur landsins. „Mér finnst þetta spurning um jafnræði. Það þarf að finna jafnvægi í þessu og ég þarf að fara yfir málið í heild sinni áður en ég tek afstöðu til þess,“ segir hún. - mhh




**Ólafur Stefánsson** lék í gær sinn síðasta landsleik í handbolta. Á undanförnum dögum hafa tugþúsundir Íslendinga þakkað Óla fyrir einstakan feril á takkoli.is. Það er augljóst að hann hefur veitt fólki mikinn innblástur með afrekum sínum og framkomu. Við óskum Óla gæfu og gengis í næstu verkefnum og segjum takk Óli.

Þú getur enn sent Óla kveðju á takkoli.is

HSÍ Arion banki

## SVONA ERUM VIÐ



**3.906.665**

**hænsnaungar voru ræktaðir til slátrunar árið 2012.**

**Einungis voru fjórir kjúklingaframleiðendur á landinu árið 2011. Halda þeir úti 82 eldishúsum með pláss fyrir um 720.000 fugla.**

Nær allir framleiðendurnir eru í nágrenni við höfuðborgarsvæðið.

Bandarískir laxastofnar að deyja út á meðan stjórnvöld sitja aðgerðalaus:

# Stjórn laxastofna hefur brugðist

**UMHVERFISMÁL** Norður-Atlantshafslaxverndarstofnunin (NASCO) hefur brugðist í stjórnun á stofnum villtra laxa. Þjóðum hefur um áratuga skeið verið mismunað.

Þetta er mat Orra Vigfússonar, formaður Norður-Atlantshafslaxasjóðsins (NASF). Grænlendingar eru að hefja laxveiðar í atvinnuskyni að nýju. Orri segir að í þrjátíu ár hafi NASCO reynt að viðhafa ólíka stjórnunarhætti þjóða á milli, eða „eina gerð af vísindum fyrir Grænland og Færeyjar en aðra gerð vísinda fyrir ríkar þjóðir eins og Noreg, Skotland, Írland og Kanada. Að sjálfsögðu hefur þetta ekki gengið upp og mun aldrei gera það,“ segir Orri.

Bill Taylor, forseti Samtaka um Atlantshafslaxinn (ASF), segir að nú sé sá tími kominn að Grænlendingar sætti sig ekki lengur við að takmarka veiðar sínar en horfi þess í stað upp á það ár eftir ár að fyrrnefnd lönd stundi ofveiðar á laxi og haldi áfram veiðum úr blönduðum stofnum. Vangeta NASCO til að hafa stjórn á veiðum Grænlendinga er sérstaklega mikið áfall fyrir bandaríska lax, en þar eru stofnar í sögulegu lágmarki og njóta verndar samkvæmt lögum um verndun tegunda í útrýmingarhættu, segir Taylor.

„Þetta beinir athyglinni að utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna, sem hefur ekki sinnt því að taka forystuna á síðastliðnum áratug. Flestir villilaxar sem eiga heimaslóð í bandarískum ám eru í þann veginn að deyja út,“ segir Orri.

- shá



**ORRI VIGFÚSSON** Segir að gera verði nýjan alþjóðasamning um villtan lax. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Á BATAVEGI** Nelson Mandela er enn illa haldinn af lungnasýkingu en þó á batavegi. NORDICPHOTOS/GETTY

Mandela á batavegi:

## Illa haldinn af lungnasýkingu

**SUÐUR-AFRÍKA** Nelson Mandela, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, er á batavegi á sjúkrahúsi í Pretoríu en þó enn illa haldinn af lungnasýkingu. Núverandi forseti, Jacob Zuma, greindi frá þessu í gær í ávarpi sem hann flutti á ungmennahátíð til að minnast uppreisnarinnar í Soweto 1976.

Zuma fullyrti að læknar hefðu staðfest að bati Mandelas væri stöðugur og bað viðstadda að sameinast í því að senda honum óskir um gleðilegan feðradag, sem haldinn var hátíðlegur í gær.

Fram kom í máli Zuma að þótt batinn væri stöðugur væri hann hægfara og ekkert benti til að Mandela gæti útskrifast af sjúkrahúsinu á næstunni.

- fsb

# Opinberir aðilar fámálir um lögheimilisflutning Dorritar

Opinberir aðilar vilja ekki veita upplýsingar um lögheimilisflutning Dorritar Moussaieff til Bretlands. Sjálf segist hún hafa fært lögheimilið til að geta rekið fyrirtæki fjölskyldu sinnar og hafnar því að skattar tengist málinu.

**STJÓRNSÝSLA** Fátt er um svör hjá hinu opinbera um það hvernig lögheimilisflutning Dorritar Moussaieff forsetafrúar bar að, á hvaða forsendum hann var samþykktur og hvaða áhrif og afleiðingar hann hefur.

Fréttablaðið greindi frá því um helgina að Dorrit hefði flutt lögheimili sitt til Bretlands í fyrra þrátt fyrir að íslensk lög segi að hjón skuli hafa sama lögheimili.

Dorrit sendi frá sér yfirlýsingu vegna fréttarinnar á laugardag:

„Þegar horfur voru á að eiginmaður minn yrði ekki lengur forseti gerði ég ráðstafanir til að geta sinnt meira fyrri störfum mínum í London, einkum í ljósi þess að foreldrar mínir, sem stjórnað hafa fjölskyldufyrirtækinu, eru nú háaldraðir,“ segir í yfirlýsingunni, auk þess sem tekið er fram að breytingin hafi verið gerð að ráði lögfræðinga.

Lögfræðilegur ráðgjafi forsetahjónanna í þessum efnum er Garðar Valdimarsson, fyrrverandi skattstjóri og skattrannsóknarstjóri.

Í viðtali við fréttastofu RÚV á laugardag sagði Dorrit að flutningurinn tengdist ekki skattamálum. Ákvörðunin hefði verið tekin vegna þess að bresk lög gerðu ráð fyrir því að hver sem dveldi þar 90 daga á ári eða meira væri búsettur þar að lögum. Hún hefði því þurft að flytja lögheimilið út til að geta starfað að rekstri skartgripakeðju fjölskyldunnar. Forsetahjónin aftóku með öllu að þau væru að slíta samvistir eða hún að yfirgefa landið fyrir fullt og allt.

Þegar Fréttablaðið leitaði frekari upplýsinga hjá forsetaembættinu í gær fengust þau svör að forsetafrúin hefði engu að bæta við það sem komið hefði fram í viðtalinu við RÚV.

Töluvert hefur verið um það eftir bankahrun að íslensk hjón slíti tímabundið samvistir að forminu til svo að annað þeirra geti flutt lögheimili sitt til útlanda og stundað þar vinnu, til dæmis í Noregi. Fyrir þessu er margra ára hefð og Þjóðskrá Íslands hefur ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við þetta fyrirkomulag.

Þetta segir Sólveig Guðmundsdóttir, forstöðumaður hjá Þjóðskrá. Spurð hvort eitthvað sambærilegt hafi verið uppi á teningnum í tilfelli Dorritar og Ólafs segist Sólveig ekki geta tjáð sig um einstök mál.

Hún geti ekki heldur sagt til um það hvort málefni forsetahjónanna verði tekin til athugunar að nýju hjá Þjóðskrá í kjölfar umræðu helgarinnar, en tekur fram að lögheimilismál einstaklinga séu iðulega endurskoðuð hjá stofnuninni ef eitthvað nýtt komi fram sem þyki kalla á það.

stigur@frettabladid.is

## Skattayfirvöld segja lítið



**BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**



**SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON**

Spurður um mál Dorritar kveðst Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri ekki geta tjáð sig um málefni einstakra framteljenda.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir mál forsetafrúarinnar ekki hafa ratað inn á hennar borð. Hún viti ekkert meira um það en fram hafi komið í fjölmiðlum.



**DORRIT MOUSSAIEFF** Naut ráðgjafar fyrrverandi skattstjóra og skattrannsóknarstjóra við lögheimilisflutninginn. Hún segir að hann tengist þó ekki skattamálum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Á bifhjóli með barn í fangi

Lögreglan stöðvaði í fyrradag ökumann bifhjóls þar sem hann var ekki með hjálm og á óskoðuðu hjóli. Lögregla segir þó að það sem hafi farið einna helst fyrir brjóstið á sér hafi verið að ökumaðurinn var með sex ára dóttur sína á hjólinu, en sú var með reiðhjólahjálm. Númerið var klippt af hjólinu og maðurinn sektaður.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SUÐLÆGAR ÁTTIR** verða ríkjandi í dag og á morgun og má gera ráð fyrir að fari að rigna sunnan- og vestanlands seinnipartinn í dag eða í kvöld og verði rigning á morgun. Norðaustanlands verður hins vegar nokkuð bjart og hlýjast þar á landinu.




**Á morgun**
Strekkingsvindur sums staðar.




**Miðvikudagur**
Hæg breytileg átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Berlín | 25° | Friedrichshafen | 33° | Las Palmas | 23° | New York | 28° | París | 29° |
| Aþena | 33° | Billund | 21° | Gautaborg | 20° | London | 19° | Orlando | 31° | San Francisco | 17° |
| Basel | 30° | Frankfurt | 30° | Kaupmannahöfn | 20° | Mallorca | 32° | Ósló | 21° | Stokkhólmur | 18° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Í SJÖUNDA HIMNI Á 17. JÚNÍ!

Kíktu við hjá okkur á **Hljómalindarreitnum** í dag og náðu þér í aukaskammt af gleði í tilefni dagsins. Hlökkum til að sjá þig!




**Ný söngbók Nova komin út. Náðu þér í frítt eintak!**

**2.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 5

**1.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4S

**1.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4

**2.000 kr.** á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 3GS




| iPhone 4 8 GB | iPhone 5 16 GB | iPhone 4S 16 GB | iPhone 3GS 8 GB |
|---|---|---|---|
| **69.990 kr.** | **119.990 kr.** | **99.990 kr.** | **49.990 kr.** |
| **4.190 kr.** /18 mán. | **7.290 kr.** /18 mán. | **5.990 kr.** /18 mán. | **2.990 kr.** /18 mán. |

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð, áskrift og frelsi. Gildir einnig af umframnotkun í Snjalláskrift. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

DAGUR & STEINI

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver lak upplýsingum um eftirlit bandarískra stjórnvalda á síma- og netnotkun?
**2.** Hver er nýr framkvæmdastjóri Manchester City?
**3.** Með hvaða hljómsveit spilar Liam Gallagher, fyrrum söngvari Oasis?

**SVÖR**

**1.** Edward Snowden. **2.** Manuel Pellegrini. **3.** Beady Eye.

Nýkjörinn forseti Írans þarf að takast á við erfitt efnahagslíf heima fyrir og andstöðu erlendis:

# Sigur Rowhanis vekur bæði bjartsýni og ugg

**TEHERAN, AP** Hinn nýkjörni forseti Írans, Hasan Rowhani, á erfitt verk fyrir höndum. Hann sagði í gær að efnahagsvandi þjóðarinnar yrði ekki leystur á einni nóttu, enda er verðbólgan um þrjátíu prósent og atvinnuleysi fjórtán prósent. Í ofanálag er hann í andstöðu við ríkjandi öfl klerkastéttarinnar sem fara með kjarnorkumál, varnarmál og utanríkismál. Þau hafa þó lýst yfir vilja til að samstarfið við nýja forsetann verði farsælt.

Rowhani sigraði örugglega í kosningunum á föstudaginn, sem kom nokkuð á óvart þar sem hann er almennt talinn umbótasinni.

Kosning hans hefur valdið nokkrum titringi hjá Ísraelsmönnum og varaði forsætisráðherra Ísraels, Benjamin Netanyahu, við því í gær að alþjóðasamfélagið slakaði á þrýstingnum gagnvart kjarnorkustefnu Írans, þrátt fyrir að Rowhani væri álitinn umbótasinni.

Kosning hans virðist þó þegar vera farin að hafa áhrif á viðhorf umheimsins því á vefsíðu kauphallarinnar í Teheran kom í gær fram að gengisvísitala hlutabréfa hefði stigið um 1.194 stig fyrir lokun í hádeginu í gær, sem er 2,5 prósenta hækkun frá því á laugardag. **- fsb**



**NÝI FORSETINN** Sigur Hasans Rowhani í forsetakosningum í Íran á föstudaginn kom á óvart.



**FENGU BLESSUN** Hundruð mótorhjólamanna sóttu messu páfans á Péturstorgi í gær.

Afmæli Harley Davidson:

## Bifhjólamenn hljóta blessun

**RÓM** Péturstorgið var undirlagt af mótorhjólum í gær þegar hundruð mótorhjólamanna mættu í messu hjá Frans páfa til að hljóta blessun hans. Ástæðan er 110 ára afmæli Harley Davidson-hjólanna. Páfinn blessaði þá um leið og aðra pílagríma sem messuna sóttu, án þess að minnast á þá sérstaklega.

35.000 mótorhjólakappar eru nú staddir í Róm til að fagna afmælinu og taka þar þátt í tónleikahaldi og skrúðgöngum. Fyrr í vikunni gaf Harley Davidson-verksmiðjan páfastól tvö klassísk mótorhjól til afnota fyrir lögreglu Vatikansins. **- fbs**

**ÖRYGGISMÁL**

### Ein nefnd fjallar um slys

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur tekið til starfa. Með nýjum lögum, sem tóku gildi um mánaðamótin, er starfsemi þriggja rannsóknarnefnda sameinuð í eina. Þrír rannsóknarstjórar starfa fyrir nefndina, einn fyrir hvern slysaflokk; umferðarslys, sjóslys og flugslys.

# Skortur á D-vítamíni getur valdið háum blóðþrýstingi

Niðurstöður erfðarannsóknar sýna fram á orsakasamband milli skorts á D-vítamíni og hás blóðþrýstings. Áhugavert, segir Guðmundur Þorgeirsson hjartalæknir. Stór hluti Íslendinga neyti ekki nógu mikils D-vítamíns.

**HEILBRIGÐISMÁL** Skortur á D-vítamíni getur valdið háum blóðþrýstingi. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem kynntar voru á ráðstefnu The European Society of Human Genetics í París í síðustu viku. Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á þessi tengsl en nú liggja fyrir niðurstöður erfðarannsóknar sem sýna fram á orsakasambandið. Við erfðarannsóknina var meðal annars stuðst við gögn um 155 þúsund manns og 35 rannsóknir.



**GUÐMUNDUR ÞORGEIRSSON**

Á vef The European Society of Human Genetics er haft eftir stjórnanda rannsóknarinnar, Vimal Karani Santhanakrishnan, sem starfar við University College í London, að niðurstöðurnar gefi tilefni til að ætla að hægt verði að fyrirbyggja ýmis tilfelli hjartasjúkdóma með meiri neyslu D-vítamíns.

„Þetta er mjög áhugavert. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós að D-vítamín hefur meiri áhrif en bara á kalkefnaskipti, en skortur á D-vítamíni hefur jafnan verið tengdur beinsjúkdómum. Sú aðferðafræði að skoða arfbreytileika í efnaskiptabraut og tengingu við sjúkdóm er mjög traust. Það er vísbending um að það sé ekki bara samband, heldur líka orsakasamband,“ segir Guðmundur Þorgeirsson, hjartalæknir og prófessor við læknadeild HÍ.

Hann getur þess að í doktorsritgerð Sifjar Hansdóttur, sérfræðings í lungna- og gjörgæslulækningum í Bandaríkjunum, komi fram að faraldsfræðilegar rannsóknir bendi til þess að skortur á D-vítamíni tengist aukinni tíðni sýkinga í öndunarvegi og bólgusjúkdóma í lungum, til dæmis astma.

Að sögn Guðmundar eru vísbendingar um að stór hluti Íslendinga neyti ekki nógu mikils D-vítamíns. „Við sem búum á þessari breiddargráðu fáum ekki nógu mikið af sólarljósi, en það stuðlar að myndun D-vítamíns í líkamanum. Þess vegna þarf að leggja meiri áherslu á að passa upp á D-vítamínbúskapinn en gert hefur verið. Hægt er að auka D-vítamínið í líkamanum með því að taka inn lýsi og borða meira af fiski.“

**ibs@frettabladid.is**



**LAX** Feitur fiskur er auðugur af D-vítamíni. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Þetta er mjög áhugavert. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós að D-vítamín hefur meiri áhrif en bara á kalkefnaskipti en skortur á D-vítamíni hefur jafnan verið tengdur beinsjúkdómum.**
> *Guðmundur Þorgeirsson hjartalæknir og prófessor við HÍ*


**Tónskáldasjóður 365**

Undirritaðar umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum fyrir miðnætti hinn **5.júlí 2013** merktar:

**„Tónskáldasjóður 365“**
**Laufásvegi 40, 101 Reykjavík**

Umsóknareyðublöð má fá á heimasíðu STEFs.

FÉLAG TÓNSKÁLDA & TEXTAHÖFUNDA


Ensímvinnsla sett á fót í Codland-fullvinnsluklasanum í Grindavík:

# Verðmæti úr innyflum þorska

**SJÁVARÚTVEGUR** Nýverið var sett á laggirnar ensímvinnsla í Codland-fullvinnsluklasanum í Grindavík. Ensímin eru unnin úr innyflum þorsksins, en rannsóknir hafa sýnt að þau hafa einstaka eiginleika og nýtast í ýmiss konar vörur og áframvinnslu.

Í tilkynningu segir að vinnslan sé til húsa í vinnsluhúsi Vísis hf. Codland varð upphaflega til upp úr samstarfi fyrirtækja innan Íslenska sjávarklasans, en ensímvinnslan er samstarfsverkefni Codlands og Bergs Benediktssonar frumkvöðuls, sem hefur unnið að rannsóknum og þróun á ensím- og bragðefnavinnslu um áratugaskeið.

Ensímvinnslan mun meðal annars sjá Ensímtækni ehf. og nýrri verksmiðju Codlands ehf. á Reykjanesi fyrir ensímum. Ensímtækni framleiðir meðal annars Pensím-snyrtivörur, sem dr. Jón Bragi Bjarnason þróaði fyrst.

Stefnt er að því að efla ensímvinnsluna á komandi misserum og leggja áherslu í kynningarstarfi á að framleiðsluvörur fyrirtækisins eru allar unnar úr sjálfbæru, rekjanlegu og fyrsta flokks hráefni. **- shá**



**ÞORSKUR** Til langs tíma hefur miklum verðmætum verið sóað í íslenskum sjávarútvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000



**LEITAR LAUSNAR** Eduardo Patino, utanríkisráðherra Ekvador, kemur til London að leita lausnar í Assange-málinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Vill leysa Assange-hnútinn:

## Utanríkisráðherra Ekvador fer til London

**BRETLAND** Ricardo Patino, utanríkisráðherra Ekvador, er væntanlegur til Bretlands til viðræðna um lausn á máli Julians Assange, stofnanda Wikileaks. Assange hefur fengið hæli sem pólitískur flóttamaður í Ekvador en verður handtekinn af breskum yfirvöldum ef hann yfirgefur sendiráð Ekvador í London.

Fyrirhugað er að Patino og William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, hittist í dag og fari yfir stöðuna. Síðar mun Patino heilsa upp á Assange í sendiráðinu. Bretar hafa neitað að leyfa Assange að yfirgefa landið, en hann er eftirlýstur fyrir kynferðisglæpi í Svíþjóð. Patino lét hafa eftir sér í gær að hann vonaðist til að viðræðurnar flýttu fyrir lausn málsins og að Hague myndi sýna sveigjanleika. - fsb

# Fjórir hafa látist og fimm þúsund slasast

Lögreglan beitti táragasi og háþrýstivatnsbyssum gegn mótmælendum í Istanbúl og Ankara í gær. Átökin blossuðu upp með endurnýjuðum krafti eftir að óeirðalögreglan hóf rýmingu Gezi-garðsins. Að minnsta kosti fjórir hafa látist.

**ISTANBÚL, AP** Ekkert lát hefur orðið á átökum lögreglu og mótmælenda í Tyrklandi síðan Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra sendi óeirðalögregluna til að rýma Gezigarð og Taksim-torg í Istanbúl á laugardag. Eitt þúsund lögreglumenn frá öllum landshlutum hafa verið fluttir til Istanbúl í tilraun til að bæla mótmælin niður. Að minnsta kosti fjórir hafa látist og um fimm þúsund slasast síðan átökin hófust.

Mótmælendur voru hraktir úr garðinum og af torginu með táragasi, háþrýstivatnsbyssum og gúmmíkúlum og eftir rýminguna mættu jarðýtur á svæðið og jöfnuðu leifarnar af búðum mótmælenda við jörðu. Mótmælendur snerust til varna með spýtum, grjóti og öðru lauslegu. Átökin stóðu enn yfir í gærkvöldi og virtist ekkert lát á þeim.

Forsvarsmenn mótmælenda hafa hvatt fólk til að fjölmenna í miðborg Istanbúl og halda baráttunni áfram en þar mætir þeim mikill flokkur lögreglumanna sem krefjast skilríkja og leita í töskum. Auk hinna þúsund lögreglumanna úr öllum héruðum landsins hafa um 350 lögreglumenn sem störfuðu á flugvellinum í Istanbúl verið kallaðir til starfa í miðborginni, að sögn tyrknesku fréttastofunnar Dogan.

Lögregla beitti einnig táragasi og háþrýstivatnsbyssum gegn mótmælendum í Ankara í gær, en þar blossuðu mótmælin upp eftir að fregnir bárust af rýmingu Gezigarðsins. Það sem byrjaði sem mótmæli gegn fyrirhugaðri eyðileggingu Gezi-garðsins í lok maí er orðið að fjöldauppreisn gegn yfirvöldum sem fréttaskýrendum ber saman um að hafi brugðist við af fádæma hörku og þannig magnað enn þá elda óánægju með ríkisstjórn Erdogans sem fyrir brunnu í landinu.

Erdogan er þó fráleitt á þeim buxunum að draga úr hörkunni og sagði á samkomu með þúsundum stuðningsmanna í útjaðri Istanbúl í gær að hann myndi gersigra andstæðinga sína í kosningunum á næsta ári. fridrikab@frettabladid.is



**ENN HARÐNA ÁTÖK** Mótmælendur í Istanbúl notuðu flugelda sem vopn í átökum við lögreglu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

### ÁTÖKIN Í TYRKLANDI HÓFUST Í LOK MAÍ

**28. maí** Mótmæli hefjast í Gezi-garðinum vegna áforma um að eyða einu af fáum grænum svæðum í Istanbúl.

**30.-31. maí:** Árásir lögreglu á mótmælendur valda fjöldaóeirðum.

**3. júní** Mótmælendur koma sér upp búðum.

**4.-10. júní** Mótmælin þróast í mótmæli gegn yfirgangi stjórnvalda og breiðast út um landið. endurteknir árekstrar milli mótmælenda og lögreglu.

**Aðfaranótt 12. júní:** Óeirðalögregla beitir táragasi og vatnsþrýstibyssum á mótmælendur á Taksim-torgi. Búðir mótmælenda í Gezigarði standa þó óhreyfðar.

**13. júní:** Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra gefur út lokaviðvörun til mótmælenda um að yfirgefa Gezi-garðinn.

**14. júní:** Ríkisstjórnin samþykkir að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum í Gezi-garði uns réttað hafi verið í málinu. Forsætisráðherra og forsvarsmenn mótmælenda ræðast við.

**15. júní:** Lögreglan ræðst til atlögu við mótmælendur í Gezi-garði.






**EKKI TRÚVERÐUGT** Fréttaskýrendur telja að yfirlýsingunni sé fyrst og fremst ætlað að slá ryki í augu alþjóðasamfélagsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Óvæntur viðsnúningur Norður-Kóreumanna:

## Vilja viðræður við bandarísk stjórnvöld

**NORÐUR-KÓREA, AP** Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa farið fram á viðræður um öryggis- og kjarnorkumál við bandarísk stjórnvöld. Greint var frá þessu í yfirlýsingu frá Varnarmálanefnd ríkisins í norður-kóreska ríkisútvarpinu í gær. Nokkrum dögum fyrr höfðu Norður-Kóreumenn dregið sig út úr viðræðum um sama mál við erkióvinina í Suður-Kóreu.

Í yfirlýsingunni kemur fram að vilji sé fyrir hendi hjá Varnarmálanefndinni til að ræða málin í fullri alvöru og reyna þannig að tryggja frið og stöðugleika. Bandaríkjamenn svöruðu því til að Norður-Kóreumenn yrðu þá að framfylgja ályktunum Sameinuðu þjóðanna og hefja kjarnorkuafvopnun.

Fyrr á þessu ári hótuðu Norður-Kóreumenn að varpa kjarnorkusprengjum á bæði Suður-Kóreu og Bandaríkin og uppi eru alvarlegar efasemdir um að hugur fylgi máli í þessari viljayfirlýsingu um umræður. Auk þess hafa þeir á undanförnum árum gert þrjár tilraunir með kjarnorkuvopn. Fréttaskýrendur telja að yfirlýsingin í gær sé í raun fyrst og fremst tilraun til að slá ryki í augu alþjóðasamfélagsins og reyna þannig að afla meiri fjárhagsaðstoðar.

Bandaríkjamenn og Norður-Kóreumenn hafa ekki átt í formlegum viðræðum síðan árið 2009. - fsb




Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Líkt og aðrir landsmenn höldum við upp á þjóðhátíðardaginn. Fyrir okkur markar hann jafnframt sumarkomuna því að þá hafa öll hótelin okkar opnað upp á gátt.




## SUMARSÆLA Í 52 ÁR

Fyrsta Edduhótelið var opnað árið 1961 og byggðist á þeirri hugmynd að nýta húsnæði og heimavistir héraðsskólanna til að bjóða ferðalöngum þar upp á gistingu yfir sumartímann. Nú mynda 12 Edduhótel víðs vegar um Ísland eina elstu og virtustu hótelkeðju landsins. Sum þeirra eru sérhönnuð sem hótel, en öll starfa þau á þeim upprunalega grunni að bjóða hagkvæma og notalega gistingu og góða þjónustu.

## ATVINNUSKAPANDI FERÐAMENNING

Við erum stolt af hlutverki okkar í ferðamenningu Íslendinga og ekki síður af þætti Edduhótelanna í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Nú sem fyrr eru hundruð sumarstarfa á Edduhótelum í heimabyggð gríðarlega eftirsótt, jafnt meðal íslenskra ungmenna og þeirra sem eldri eru. Reynsla starfsfólksins og þekking á náttúru og nágrenni hótelanna eru dýrmætur sjóður fyrir okkur og gesti okkar að sækja í.

**12 HÓTEL ALLAN HRINGINN**

**1** ML Laugarvatn • **2** ÍKÍ Laugarvatn • **3** Skógar • **4** Vík í Mýrdal • **5** Höfn • **6** Neskaupstaður • **7** Egilsstaðir • **8** Stórutjarnir • **9** Akureyri • **10** Laugarbakki • **11** Ísafjörður • **12** Laugar í Sælingsdal

BROSANDI ALLAN HRINGINN - Pantaðu á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

VANDI STEÐJAR AÐ HELLISHEIÐARVIRKJUN



**RASK** Óumflýjanlegt er að uppbyggingu virkjunar fylgi mikið rask; sjónræn áhrif eru mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Margt græðist með gufulögninni

Verði Hverahlíðarvirkjun ekki byggð verða sjónræn áhrif framkvæmda á Hellisheiði mun minni. Virkjunin er mikið mannvirki en hugsanlega má hylja gufulögn á milli Hverahlíðar og Hellisheiðarvirkjunar að nokkru leyti.

Ef gufulögn verður lögð frá Hverahlíð að Hellisheiðarvirkjun telja sérfræðingar Orkuveitu Reykjavíkur það koma sterklega til greina að hætta við byggingu Hverahlíðarvirkjunar eins og hún hefur verið hugsuð um árabil. Framtíðarsýn orkuframleiðslu úr Henglinum felst í því að allur rekstur væri á sama stað. Ekkert er í hendi hvað varðar framhaldið en fari svo má til sanns vegar færa að dregið sé úr umhverfisáhrifum uppbyggingarinnar á Hellisheiði. Hverahlíðarvirkjun fullbyggð er mikið mannvirki sem yrði mjög sýnilegt.

### Allt í réttri röð

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, segist fyrir sitt leyti ekki sjá neina ókosti við að gufulögnin verði lögð. „Þetta lokar engum dyrum, heldur mun lögnin nýtast óháð því hvernig fer. Stóru póstarnir eru að koma í veg fyrir tekjutap Orkuveitunnar með því að fæða Hellisheiðarvirkjun með gufu næstu árin. Síðan er gríðarlega mikilvægt að við fáum vinnsluprófun á Hverahlíð. Þetta er yfirleitt ekki hægt, og í því felst nokkur sérstaða. Þarna verður hægt að kostaprófa svæðið áður en ákvörðun er tekin um að byggja virkjun. Þá eru hlutirnir unnir í réttri röð, ef svo má segja. En það er óvanalegt að það sé hægt.“

### Rask

Því fylgir mikið rask að byggja upp jarðvarmavirkjun. Þó svo að ákvörðun hafi ekki verið tekin um að hætta við uppbyggingu Hverahlíðarvirkjunar er sá möguleiki orðinn raunverulegur – jafnvel líklegur.

„Það er mjög jákvætt. Eins og má sjá á Hellisheiðarvirkjun og annars staðar þar sem jarðvarmavirkjanir hafa risið er um ansi mikið mannvirki að ræða. Sem dæmi má nefna Kröflu, sem er sextíu megavött, en Hverahlíðarvirkjun á að verða níutíu megavött – töluvert stærri og meiri. Þessu fylgir sjálft stöðvarhúsið og kæliturnar. Svo er það gufustrókur, mjög stór, sem leiðir augað að virkjuninni frekar en annað. Svo er margt annað sem veldur því að virkjunin er mjög sýnileg í umhverfinu,“ segir Bjarni og bætir því við að til hafi staðið að reyna að fela virkjunina í umhverfinu en það hafi ekki reynst mögulegt.

Það sem eftir stendur í dag er safnlagnir á milli borholanna í Hverahlíð. „Við teljum að hægt sé að leggja lagnir með ás í landslaginu samsíða þjóðveginum, svo hann sjáist ekki frá veginum, og síðan verður aðeins ein lögn undir þjóðveginn,“ segir Bjarni. „Þessu fylgir auðvitað rask en það er miklu minna en annars væri. Við höfum verið að gera tilraunir með meðhöndlun á þessum lögnum svo þær falli betur inn í umhverfið.“

Bjarni segir að fjárhagslegur ávinningur hafi ekki verið metinn; munurinn á byggingu Hverahlíðarvirkjunar og gufulagnar sem framtíðarlausnar með því að byggja við Hellisheiðarvirkjun. „Við höfum ekki gert úttekt á því, það er ekki komið að þeim tímapunkti. Næst er að stjórn Orkuveitunnar taki ákvörðun um framhaldið; hún samþykki að hefja undirbúning. Þar er undir hönnun, ítarleg kostnaðaráætlun og leyfismál eftir að ákvörðun stjórnar liggur fyrir. Fyrst er að ræða við Skipulagsstofnun um það hvort framkvæmdin krefst endurskoðunar á umhverfismati, sem við vitum ekki. Síðan eru það skipulagsmál, eins og við aðalskipulag hjá sveitarfélaginu Ölfusi varðandi lagnaleið. Ef þetta gengur allt eftir og kostnaðarmat sýnir enn að þetta sé hagkvæmasta lausnin verður farið í verkið. En þetta tekur einhverja mánuði,“ segir Bjarni.

### Umfang Hverahlíðarvirkjunar

Í gögnum Orkuveitunnar og skipulagsyfirvalda vegna Hverahlíðarvirkjunar kemur fram að helstu framkvæmdaþættir hennar eru borholur, borteigar, gufuveita, stöðvarhús, kæliturnar, niðurrennslisveita, vegir og slóðar á framkvæmdasvæði. Þess utan efnistaka, aðstaða verktaka og línutenging við flutningskerfi Landsnets.

Áætlað framkvæmdasvæði er um 320 hektarar lands. Stöðvarhús Hverahlíðarvirkjunar mun verða um 5.000 fermetrar að grunnfleti og um tuttugu metrar á hæð. Gert er ráð fyrir að koma fyrir tveim kæliturnum á byggingareit stöðvarhússins. Hver þeirra um 900 fermetrar að grunnfleti og um tuttugu metra hár. Borteigar yrðu alls sex en borholur fyrir fullbyggða virkjun átján talsins. Losun jarðhitalofttegunda er um þrjátíu þúsund tonn á ári. Fyllingarefni vegna framkvæmdarinnar eru alls 300 til 400 þúsund rúmmetrar.

Í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 2008 segir að stofnunin telji að fyrirhuguð virkjun við Hverahlíð muni hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif sem muni breyta ásýnd svæðis við Suðurlandsveg og talsvert rask á hraunbreiðunni. Hins vegar sé framkvæmdasvæðið svo nálægt fjölförnum þjóðvegi og Hellisheiðarvirkjun að upplifun þess sem lítt snortins kyrrláts svæðis sé ekki fyrir hendi.

svavar@frettabladid.is




**4,8 KÍLÓMETRAR** Hugsanleg lega gufulagnar frá Hverahlíð. MYND/OR

## GUFULÖGN: KOSTIR AÐ MATI ORKUVEITUNAR

**1.** Framleiðslugetu í Hellisheiðarvirkjun er haldið við.
▶ Kostnaður OR við orkukaup eykst ekki vegna minnkandi eigin framleiðslu.

**2.** Fjárfesting í vænlegum borholum við Hverahlíð nýtist.
▶ Ekki er ráðist í áhættusama borun uppbótarholna við Hellisheiðarvirkjun.

**3.** Upplýsingar fást um afköst Hverahlíðar áður en ráðist er í frekari fjárfestingar vegna nýrrar virkjunar.

**4.** Skynsamlegra er að byggja við Hellisheiðarvirkjun en að byggja nýja stöð við Hverahlíð.
▶ Minni umhverfisáhrif; yfirborðsrask, gufustrókar, sjónræn áhrif mannvirkja.
▶ Meðhöndlun brennisteinsvetnis og niðurdælingarvatns á einum stað.
▶ Skiljuvatn frá Hverahlíð nýtist hitaveitu frá Hellisheiðarvirkjun til lengri framtíðar.
▶ Rekstur á einni torfu.

**5.** Ný heildarsýn á orkuframleiðslu úr sunnanverðum Henglinum skapast.
▶ Hellisheiði, Gráuhnúkar, Hverahlíð og Meitillinn mynda eina heild sem dregur úr áhættu af fjárfestingum, eykur sveigjanleika í rekstri og framleiðslu og skapar tækifæri.

**6.** Gufan frá Hverahlíð er þurrari en við Hellisheiði og það dregur úr niðurdælingarþörf um þriðjung.
▶ Gufulögn yrði um 4,8 km. Gróft kostnaðarmat er 2,3 milljarðar króna.
▶ Heildarlengd gufuveitu Hellisheiðarvirkjunar (allar gufulagnir á svæðinu) er 36,5 km.

## HVERAHLÍÐARVIRKJUN – Í STÓRUM DRÁTTUM

**2004** Rannsóknarboranir hefjast.
**2007** Samningur um raforkusölu við Norðurál-Helguvík undirritaður.
**2008** Mati á umhverfisáhrifum virkjunar lýkur; stjórn OR einróma: Hverahlíð áfram, Bitra í bið; samið um helming fjármögnunar við Evrópska fjárfestingarbankann (EIB), 90 milljónir evra; endursamið við Norðurál eftir hrun.
**2009** Birgjum gert viðvart um væntanlegar tafir; samkomulag um bætur vegna tafa og hugsanlegar riftunarbætur. Vel heppnaðar boranir í Hverahlíð – gufa tiltæk fyrir 45 MW af 90.
**2010** Hverahlíð sett í bið; brostnar forsendur, fjárskortur. Borunarsamningi rift; bætur greiddar. Norðurál stefnir HS Orku fyrir gerðardóm.
**2011** Könnunarviðræður OR við lífeyrissjóði um verkefnisfjármögnun. Lánsloforð EIB afturkallað vegna þrenginga í Evrópu. Gerðardómur fellur um gildi samnings Norðuráls og HS Orku.
**2012** OR og Norðurál fá KPMG til að leita lausna. Kynning fyrir stjórn OR og sveitarstjórnarfólki á hugsanlegum farvegi.
**2013** Kynnt hugmynd um gufulögn frá Hverahlíð að Hellisheiðarvirkjun. Alvarlega rætt um að falla frá byggingu Hverahlíðarvirkjunar en byggja frekar við Hellisheiðarvirkjun.

Við höfum verið samferða í 100 frábær ár
og það verður gaman að halda ferðalaginu áfram

**TAKK FYRIR
MALT**




Þann 17. júní 1913, fæðingardag Jóns Sigurðssonar, safnaðist fólk saman við styttu hans, sem þá stóð fyrir framan Stjórnarráðshúsið.

# SKOÐUN



Forsetahjónin eiga ýmsum spurningum ósvarað:

## Fyrirfólkið og lögin

Frétt Fréttablaðsins á laugardag, um að Dorrit Moussaieff forsetafrú hafi flutt lögheimili sitt til Bretlands og sé ekki lengur skráð til heimilis á Bessastöðum með manni sínum, hefur vakið athygli og umræður. Íslenzk lög eru fortakslaus um að hjón skuli eiga sama lögheimili. Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár, sagði hér í blaðinu að frá þeirri reglu væru ekki gerðar undantekningar nema hvað varðaði þingmenn, ráðherra og starfsmenn erlendra sendiráða.

Það er því ekki að furða að algengasta viðkvæði hins almenna lesanda sé að ekki eigi annað að gilda um fyrirfólkið á Bessastöðum en um hinn almenna borgara.

Yfirlýsing Dorritar á laugardag og sjarmerandi viðtal við forsetahjónin í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins á laugardagskvöldið duga ekki til að útskýra hvers vegna þetta fyrirkomulag sé nauðsynlegt eða hvernig það fékkst yfirleitt samþykkt hjá opinberum stofnunum.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Dorrit segir í yfirlýsingu sinni að hún hafi ákveðið að færa lögheimilið þegar stefndi í að eiginmaður hennar yrði ekki lengur forseti. En svo hélt hann áfram að vera forseti – og af hverju var þessari ákvörðun þá ekki breytt?

Því er sömuleiðis ósvarað hvaða skattalegt hagræði forsetahjónin hafa af breyttri búsetuskráningu sinni. Dorrit fullyrðir að flutningurinn hafi ekkert með skatta að gera. En hvað segja skattayfirvöld, sem eyða umtalsverðum tíma í að eltast við flókna skráningu auðmanna á eignum sínum og aðsetrum?

Um það má eyða öllum vafa með því að forsetahjónin fari einfaldlega fram á að skattayfirvöld skoði málið og gefi út bevís um að fyrirkomulagið sé eðlilegt og í samræmi við það sem telst innan ramma laga og reglna fyrir annað fólk í sambærilegri stöðu.

Forsetahjónin segja að Dorrit hafi orðið að flytja lögheimili sitt vegna þess að hún hyggist taka við fjölskyldufyrirtæki sínu í Bretlandi af öldruðum foreldrum sínum. Að sjálfsögðu á hún fullan rétt á slíku. Og að sjálfsögðu á maki forseta rétt á sjálfstæðu lífi og eigin atvinnurekstri. En allt verður það að rúmast innan ramma laganna.

Dorrit vísar til brezkra laga um að dvelji maður meira en 90 daga á ári í landinu teljist maður sjálfkrafa hafa þar búsetu. „Og af því að fyrirtækið er í Englandi, er mér ekki stætt á að brjóta þarlend lög," sagði Dorrit í RÚV.

En er þá í lagi að hún brjóti lögin á Íslandi, þar sem hún er eiginkona manns sem fer með löggjafarvaldið ásamt Alþingi, samkvæmt stjórnarskrá Íslands?

Við skulum ekki gleyma að forsetafrúin er hluti af forsetaembættinu og ímynd þess. Ólafur Ragnar Grímsson nýtti sér vinsældir eiginkonu sinnar markvisst í baráttu sinni fyrir endurkjöri í fyrra, eins og sést til dæmis vel ef fólk skoðar vefinn olafurogdorrit.is. Mál hennar og forsetaembættisins verða ekki skilin í sundur.

Og allir hljóta að geta verið sammála um að ábúendurnir á Bessastöðum eigi að vera til fyrirmyndar í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur og þar verði allt að vera uppi á borðinu. Önnur lög geta ekki átt við um forsetahjónin en aðra Íslendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vel á vondan

Stjórnarflokkarnir brugðust fyrir helgi við gagnrýni á kynjahalla í þingnefndum með mannabreytingum. Efnahags- og viðskiptanefnd hafði áður eingöngu verið skipuð körlum, sem þótti heldur óheppilegt, og því var ákveðið að hnika fólki aðeins til. Sjálfstæðisflokkurinn skúbbaði einum af sínum mönnum burt. Fyrir valinu varð Brynjar Níelsson, sá maður sem gefur minnst allra fyrir þau sjónarmið sem lágu að baki mannabreytingunum. Hann skrifaði meira að segja pistil um hvílíkt bull þau væru. Einhverjir mundu segja að þar hafi komið vel á vondan.



### Góð tíðindi?

Vinstrimennirnir sem hlakkaði í þegar þeir sáu að Brynjar var fluttur úr karlanefndinni skyldu þó kannski ekki ærast úr fögnuði – þeir þurfa líka að líta til þess hvert Brynjar var fluttur: í umhverfisnefnd, þar sem undir er eini málaflokkurinn sem Brynjar gefur jafnvel enn minna fyrir en jafnréttismál. Ætli þeim sem hæst höfðu um kynjaskekkjuna hefði kannski fundist Brynjar betur geymdur í efnahags- og viðskiptanefnd eftir allt saman?

### 21 mánuður

Rannsóknarnefndir Alþingis um sparisjóðina og Íbúðalánasjóð funduðu um miðjan febrúar með Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, þáverandi þingforseta, og greindu þar frá því hversu langan tíma þær þyrftu til að ljúka verkinu. Sparisjóðanefndin ætlaði að klára undir lok júní – það styttist í að sá tími renni upp. Íbúðalánasjóðsnefndin ætlaði að skila í apríllok, í kringum þingkosningarnar. Síðan eru bráðum liðnir tveir mánuðir og ekkert bólar enn á skýrslunni. Nefndin fékk upphaflega hálft ár til að vinna verkið, sem nú hefur tekið 21 mánuð og rúmlega það. Er nema von að margir spyrji sig hvað sé eiginlega í þessari skýrslu.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Er til orka fyrir álver í Helguvík?

ÁLVER



**Inga Sigrún Atladóttir**
bæjarfulltrúi í Vogum og félagi í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði

Í Fréttablaðinu þann 13. júní skrifar Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, grein um fyrirhugað álver í Helguvík. Kristjáni er tíðrætt um „skipulagt og slóttugt sjónarspil öfgafólks og rauðgrænna fótgönguliða sem hamast gegn álveri í Helguvík".

Ég er eini sveitarstjórnarmaðurinn á Suðurnesjum sem opinberlega hefur spurt gagnrýninna spurninga um álver Norðuráls í Helguvík. Ég hlýt því að taka orð Kristjáns til mín.

Gagnrýni mín er ekki vegna þess að ég vilji ala á ótta og loka á lýðræðislega og upplýsta umræðu meðal almennings eins og Kristján heldur fram, heldur vegna þess að mér finnst mikilvægt að ræða allar hliðar málsins. Mér finnst mikilvægt að það sé öllum ljóst hvaða afleiðingar álver í Helguvík hefur á umhverfi og orkuauðlindir svæðisins.

Kristján telur borðliggjandi að yfirdrifin orka sé til staðar. Hann nefnir þó ekki hvaðan orkan á að koma en ég vænti þess að hann sé að tala um háhitasvæðin á Reykjanesi sem eru nefnd í umhverfismati fyrir álverið.

Það er ekki bara ég sem hef heyrt efasemdaraddir um að næg orka sé til staðar. Sveitarstjórnarmenn frá öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum sátu fund

**➜ Ég vil að fólk geti rætt um álver í Helguvík á forsendum staðreynda og raka en gleypi ekki órökstuddum fullyrðingum...**

í samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja með Jónasi Ketilssyni, starfsmanni Orkustofnunar, í október 2010. Þar kom fram að mikil óvissa væri í rannsóknum Orkustofnunar og óraunhæft að ná þeirri orku út úr svæðinu sem áætlanir gera ráð fyrir. Jónas taldi að margt benti til að Eldvörp væru nú þegar fullnýtt, í Sandfelli væri líklega stór hluti kaldur og Krísuvíkursvæðið og Sveifluháls væri það flókið og margbrotið svæði að fyrirliggjandi rannsóknir gætu ekki gefið fullnægjandi mynd af möguleikum þess.

Mér finnst mikilvægt að þessi rödd fái að heyrast í umræðunni og menn eins og Kristján takist á við þessar fullyrðingar með rökum.

Ég vil ræða þessi mál út frá framtíðarhagsmunum almennings. Ég vil að fólk geti rætt um álver í Helguvík á forsendum staðreynda og raka en gleypi ekki við órökstuddum yfirlýsingum og útúrsnúningum vegna ótta við fordæmingu eða atvinnumissi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hlaupandi hamstur

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



> En mér líður samt ekkert eins og íkorna – eða bjarndýri – heldur líkist ég umfram allt hamstri hér á þessari stundu …

Það er íkorninn sem dansar í trjátoppunum og við eigum að reyna að vera eins og hann – ég náði því – og þótt bjarndýrið kunni að vera stórt og sterkt plampar það bara áfram og leggur niður umhverfisráðuneyti og veiðigjöld sem á vegi þess verða og segir svo aðspurt um þær gjörðir sínar: Þvuh! ég er ekkert að gera það, öfgasinninn þinn! Því náði ég líka. En mér líður samt ekkert eins og íkorna – eða bjarndýri – heldur líkist ég umfram allt hamstri hér á þessari stundu þar sem ég hleyp áfram á hlaupabrettinu með þrjá skjái fyrir augunum, hvern með sinni útgáfunni af ameríska draumnum; ríkt fólk að vera ríkt og ríkt fólk að gera gys að fátæklingum, amerískt skemmtiefni snýst einkum um þetta tvennt: ekki síst um það hversu miklir fáráðlingar ómenntaðir karlmenn séu – þetta er fátækt fólk látið horfa á svo að það fari ekki að gera sér grillur um sig og sinn stað. Og ég – ég hlunkast hér áfram á brettinu eins og hlaupandi hamstur – alltaf í sömu sporum – með þessi ótvíræðu skilaboð fyrir augunum um hina réttu niðurskipan hlutanna og með einhverja löngu úrelta hippamúsík í eyrunum: „And you know, I'm gonna be the one who'll be there when you need someone to depend on…“

Og fer að hugsa um kæra landið mitt. Fólkið mitt. Okkur og hvað verði um okkur. Þjóðina mína sem mér finnst sem snöggvast að samanstandi af stritandi hömstrum hlaupandi í átt að næstu mánaðamótum en alltaf í sömu sporum.

### Er atvinnulífið trukkur?

Ég veit samt að þetta er ekki sanngjarnt: fólk reynir að búa í haginn fyrir sig og börnin sín, skapa sér og sínum góða tilveru – betri en foreldra sinna og þeirra foreldra – og þannig miðar þjóðinni hægt og bítandi í átt að betri lífskjörum. Og ég veit að fólk vonast til að skuldir þess verði lækkaðar, enda yfirleitt teknar í góðri trú; að verðtryggingin verði afnumin og lífskjörin verði þá eins og þjóðin á skilið og verðmætasköpunin í landinu segir til um.

Aðrir eru efins. Ríkissjórnin treystir á að allt komist í gang ef kapítalistar fái meira fé milli handanna. Er það líklegt? Ríkisstjórnin treystir því að ef útgerðarmennirnir fái lækkun á veiðigjaldi muni það fé skila sér út í samfélagið með ýmsum hætti. Er það venjan? Eða rennur allt raunverulega féð til Tortóla í leynibólin og verður íslenskt atvinnulíf áfram knúið áfram af gervifé, eignarhaldsfélögum og lánabólum?

Þetta er hvað sem öðru líður ríkisstjórn hinna stóru lausna. Hún ætlar að koma hjólum atvinnulífsins af stað. Ráðherrunum finnst eins og „atvinnulífið“ sé stór trukkur fastur í krapadrullu uppi á heiði vegna ófyrirsjáanlegra atvika og nú þurfi bara keðjur og fara úr jakkanum og fimmtán fílefld bjarndýr út að ýta: þá fari hjólin af stað.

En hvað nú ef atvinnulífið er ekki trukkur? Hvað nú ef atvinnulífið er ekki einu sinni eitthvað eitt? Hvað nú ef freku kallarnir hjá LÍÚ tala ekki fyrir allt atvinnulífið heldur bara fyrir hönd ríkra útgerðarmanna? Hvað nú ef atvinnulífið er bara samsafn af hömstrum að hlaupa í allar áttir og enga þó? Hvað nú ef atvinnulífið er kannski þéttriðið og fínlegt net samskipta lifandi fólks með ólíkan bakgrunn og áhugamál sem hefur skipt með sér verkum og kaupir þjónustu og varning hvert af öðru? Gæti það hugsast? Og að atvinnulífið þyrfti ekkert fimmtán fílefld bjarndýr út að ýta hjólum sínum af stað – heldur kannski einmitt ekki? Það þyrfti hins vegar lánafyrirgreiðslu í áreiðanlegum gjaldmiðli? Góða umgjörð? Skapandi og skemmtilegt umhverfi? Haftalaus viðskipti við önnur lönd, heilbrigða samkeppni, opið hagkerfi til hagsbóta fyrir smáa og stóra framleiðendur sem hefðu hug á að komast af þessu hlaupabretti hér og á stærri markaði með varning sinn.

### „Í þá veiðistöð…“

Allt snýst þetta um hagsmuni. Um aldir var Ísland veiðistöð, eins og lesa má um í Laxdælu - „Í þá veiðistöð kem ég aldregi á gamals aldri,“ segir Ketill Flatnefur þar um Ísland, hersir og höfðingi mikill í Noregi og meðal annars faðir þeirra systra, Þórunnar hyrnu, Unnar/Auðar djúpúðgu og Jórunnar mannvitsbrekku. Hann vildi frekar fara til Írlands.

Um aldir var Ísland verstöð, vettvangur hráefnisframleiðenda; auðurinn á fárra höndum en alþýðu manna haldið í fátækt: sú er okkar saga. Héðan var flutt út skreið, ull, lýsi, kjöt og slíkur varningur og innflutningur iðulega takmörkunum háður – má eiginlega segja að núverandi höft séu hið eðlilega ástand hér á landi. Það hentar ágætlega hráefnisframleiðendum, sem sjálfir gera upp í evrum, sjálfir fá greitt í evrum – sjálfir búa í evrulandi – að hér í veiðistöðinni fái pakkið greitt í krónum, sem hægt er að fella með vissu millibili og sem slævir allt verðskyn hjá alþýðu manna. Þessi útgerðaröfl hafa nú tekið höndum saman við landbúnaðarfrömuði um að viðhalda höftum hér á landi um aldur og ævi.

Afmælisbarn dagsins – Jón Sigurðsson – hafði hins vegar sínar skoðanir á slíkum haftabúskap. Í bréfi til Jens bróður síns svarar hann áhyggjum hans af því að stóru Evrópuríkin muni „svelgja okkur“ ef við opnum fyrir viðskipti við þau:

„Þú heldur að einhver svelgi okkur. Látum þá alla svelgja okkur í þeim skilningi, að þeir eigi við okkur kaup og viðskipti. Frelsið er ekki fólgið í því að lifa einn og sér og eiga ekki viðskipti við neinn… Frelsið kemur að vísu mest hjá manni sjálfum, en ekkert frelsi sem snertir mannfélagið kemur fram nema í viðskiptum, og þau eru því nauðsynleg til frelsis.“

## AF NETINU

### Augljós della

Það er ofsalega sorglegt þegar ráðamenn þjóðarinnar leggjast svo lágt að halda fram augljósri dellu til þess að verja gjörðir sínar. Dellu á borð við það að lækkun veiðigjalds muni auka tekjur ríkisins. Og dellu á borð við það að nauðsynlegt sé að gjörbreyta veiðigjaldinu þar sem það sé óframkvæmanlegt vegna skorts á gögnum til þess að reikna upphæð þess. (Eins og ekki sé hægt að skerpa á heimildum Ríkisskattstjóra til þess að veita veiðigjaldsnefnd þau gögn sem þarf.)

blog.pressan.is/jonsteinsson

*Jón Steinsson*

HARPA
Húsið þitt

Lýðveldishátíð í Hörpu
**17. júní**

10:00–20:00 **Þjóðhátíðarkaffi í Munnhörpu**
12:00–20:00 **Teygjuhopp á Hörputorgi**
13:30 **Lúðrasveit verkalýðsins**
13:40 **Sirkuslistamenn sýna listir sínar**
14:00 **Rebel Dance Studio**
14:15 **Ingó Geirdal töframaður**
14:35 **Breakdansarar frá Kramhúsinu**
14:40 **Bollywood–dans frá Kramhúsinu**
14:50 **Maximús Músíkús gefur börnunum blöðrur**
15:00 **Stringolin**

**15:00–15:30** **Þjóðsöngur í Eldborg**
Samúel J. Samúelsson Big Band spilar og hitar upp salinn
Garðar Cortes og Óperukórinn í Reykjavík leiða söng

15:15 **Kasia**
15:45–16.30 **Maximús Músíkús gefur börnunum blöðrur**
15:45–16:30 **Söngvaskáld taka lagið**

**16:00–16:30** **Þjóðsöngur í Eldborg**
Samúel J. Samúelsson Big Band spilar og hitar upp salinn
Garðar Cortes og Óperukórinn í Reykjavík leiða söng

16:30–17:00 **Félagar í Háskóladansinum kenna dans**
17:00–18:00 **Háskóladansinn stendur fyrir dansleik**

www.harpa.is





# *Ég hélt að allir væru að halda upp á afmælisdaginn minn*

Afmælisbarn dagsins, Hrafn Gunnlaugsson, segir frá

Alveg til fimm ára aldurs hélt ég að 17. júní væri haldinn hátíðlegur mín vegna. Hápunkturinn á hátíðahöldunum það ár var þegar móðir mín, Herdís Þorvaldsdóttir, flutti ljóð í fjallkonuskrúðanum. Svo lyfti pabbi mér upp og sagði: Hér er Jón Sigurðsson, frelsishetja Íslendinga. Hann á afmæli í dag eins og þú og þess vegna höldum við daginn hátíðlegan. Þarna þyrmir yfir mig og ég hugsa þessum styttukalli þegjandi þörfina. En svo mildast maður með árunum og nú er búinn að fyrirgefa honum allt.

Sjáðu Hrafn segja frá

**Höldum saman upp á þjóðhátíðardaginn**

Það er erfitt að finna einhvern sem á ekki skemmtilega, dýrmæta eða sniðuga minningu frá þjóðhátíðardeginum. Við höfum öll verið að segja hvert öðru sögur með hjálp Símans alveg frá því að Ísland fékk heimastjórn. Farðu á **segjumsogur.is** til að deila 17. júní sögunni þinni með okkur.

*Kynntu þér skilmála og þátttökureglur á segjumsogur.is




Vertu í sterkara sambandi

Síminn

# Opið bréf til Björns Zoëga og framkvæmdastjórnar LSH

HEILBRIGÐI

Ingibjörg Kristjánsdóttir
Sara Bjarney Jónsdóttir
Bjarki Þór Alexandersson
Sara S. Jónsdóttir
Össur Ingi Emilsson
Margrét Ólafía Tómasdóttir
Jóhanna Hildur Jónsdóttir
Sigríður Birna Elíasdóttir
Hrönn Ólafsdóttir
Margrét Làra Jónsdóttir
Þórir Már Björgúlfsson
Hrafnkell Stefánsson
deildarlæknar Lyflækningasviðs



Það hefur ekki farið framhjá neinum að álag á Landspítalanum hefur aukist til muna sl. ár og heldur bara áfram að aukast án þess að í sjónmáli sé breyting þar á. Lyflækningasvið Landspítala er stærsta sviðið með miklu sjúklingaflæði. Þar er daglegt brauð að ekki finnist pláss fyrir sjúklinga sem leggja á inn og er því oft gripið til þess að leggja þá á ganga og þeim sinnt þar fárveikum. Það er orðið svo að álagið er mikið allan sólarhringinn, á vöktum sem í dagvinnu.

Læknateymi á sjúkradeild skv. skilgreiningunni samanstendur af sérfræðingi, deildarlækni, aðstoðarlækni og læknanemum. Hins vegar er það orðið normið að einungis sé einn almennur læknir (annaðhvort aðstoðarlæknir eða deildarlæknir, eða jafnvel læknastúdent í aðstoðarlæknisstöðu) ásamt sérfræðingi starfandi á teymi á hverjum tíma. Þýðir það að sú vinna sem áður deildist á 3-4 lækna leggst nú á 1-2 lækna. Þar fyrir utan hefur stærð teyma aukist, meðaltal var ekki fyrir alls löngu 12-14 sjúklingar á teymi en er nú orðið 14-18 sjúklingar að meðaltali. Þegar frádregnir eru þeir sjúklingar sem eru í bið eftir öðrum úrlausnum er oftar en ekki fárveikt fólk, sem þarf mikla umönnun og tíma.

Því má ekki gleyma að aðstoðarlæknar eru í námsstöðu á LSH, spítalinn er jú háskólasjúkrahús. Hafa þeir lokið 6 ára háskólanámi og er tilgangur kandídatsársins að hljóta grunnþjálfun og kennslu í því hvað er að vinna sem læknir. Þeir eru mikilvægir, sérstaklega í ljósi ofangreinds, þ.e. vaxandi álags og manneklu. Þeir eru að stíga sín fyrstu spor á ferlinum sem læknar og eiga því að geta leitað til sér reyndari deildarlæknis eða sérfræðings og fundið fyrir stuðningi í starfi, svokölluðu „backup“, sem því miður hefur verið ábótavant sl. ár.

### Slæm þróun

Deildarlæknar hafa lokið 6 ára háskólanámi og kandídatsári og eru því að byrja sitt sérnám, þeir hafa allt frá 1-4 ára starfsreynslu að meðaltali. Á lyflækningasviði, sem og fleiri sviðum LSH, er starfrækt framhaldsmenntunarprógramm í almennum lyflækningum þar sem tilgangurinn er að veita góðan grunn í öllum sérgreinum sviðsins áður en haldið er til frekari sérhæfingar. Um er að ræða 3ja ára prógramm þar sem deildarlæknar flakka milli sérgreina og sinna þar teymisvinnu með þeim tilgangi að hljóta grunnmenntun í þeirri sérgrein. Því lengra sem líður á prógrammið er ætlast til meiri ábyrgðar af deildarlæknum, er ætlast til að þeir vaxi í starfi, hins vegar er staðan svo að vinnudagurinn gengur út á reddingar og hlaup, þannig að lítill tími er afgangs til lærdóms. Þar fyrir utan má nefna að ætlast er til að deildarlæknar sinni rannsóknarvinnu, sem er að mestu sinnt í frítíma.

**➜ Því má ekki gleyma að aðstoðarlæknar eru í námsstöðu á LSH.**

Léleg vinnuaðstaða, lítill tími til kennslu ásamt miklu vinnuálagi – allt veldur þetta því að aðstoðarlæknar hafa upp á síðkastið í minni mæli sótt um vinnu á lyflækningasviði Landspítala. Þetta er slæm þróun, þar sem almennir læknar eru sérfræðingar framtíðarinnar og mikilvægur hlekkur í starfi LSH.

Þykir ljóst að framkvæmdastjórn LSH verður að grípa til aðgerða til að bæta hag almennra lækna og sýna í verki virðingu sína fyrir sér yngri kollegum og þeirri miklu vinnu sem þeir framkvæma til að halda Lyflækningasviði LSH gangandi.

Deildarlæknar lyflækningasviðs eru nú sem endranær viljugir til samvinnu til úrbóta á sviðinu. Þykir okkur leitt að forstjóri LSH virðist ekki sjá hversu mikilvægur starfskraftur almennir læknar eru, sérstaklega í ljósi þess að eitt sinn var hann sjálfur almennur læknir að stíga sín fyrstu spor, vonandi með nægilegum stuðningi eldri og reyndari kollega.

# Auður án innstæðu

STJÓRNARSETA



Helgi Magnússon
framkvæmdastjóri

Frá því að Auður Hallgrímsdóttir var ekki valin til áframhaldandi setu í stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins vorið 2012 hefur hún lýst óánægju með það að hún skuli ekki hafa hlotið áframhaldandi stuðning til stjórnarsetu þar. Þetta hefur komið fram í samtölum við ýmsa og á fundum þar sem hún hefur gert grein fyrir margháttuðum samsæriskenningum sínum sem eiga það allar sammerkt að ekki er fótur fyrir þeim. Dylgjur hennar og rangfærslur eru innstæðulausar með öllu.

Ekki hefur verið tækifæri til að bregðast við þessu fyrr en nú að hún birtir langa grein í Fréttatímanum þann 7. júní þar sem hún hreytir ónotum í ýmsa, þar á meðal mig vegna formennsku minnar í Samtökum iðnaðarins sem ég gegndi frá árinu 2006 til 2012. Ég sit ekki undir tilefnislausum ásökunum af þessu tagi og kem því að eftirfarandi sjónarmiðum varðandi málatilbúnað Auðar.

Samtök atvinnulífsins hafa með höndum tilnefningu á fulltrúum atvinnurekenda í stjórnir níu lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði. Um er að ræða val á helmingi stjórnarmanna viðkomandi sjóða í samræmi við lög og reglur sjóðanna. SA skipar einn fulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna samkvæmt ábendingu frá Samtökum iðnaðarins en í öllum öðrum tilvikum velur og skipar framkvæmdastjórn SA stjórnarmennina algjörlega á sína ábyrgð en í sem bestu samráði við aðildarfélög í þeim tilvikum sem þau koma með tillögur eða láta sig málið varða.

### Alrangt

Það er því alrangt að framkvæmdastjórar samtakanna taki sér „sjálfskipað tilnefningarvald“ eins og Auður heldur fram í fyrrnefndri grein sinni. Þeirri staðhæfingu hennar er mótmælt sem algjörlega tilhæfulausri.

**➜ Það er því alrangt að framkvæmdastjórar samtakanna taki sér „sjálfskipað tilnefningarvald“.**

Á þeim tólf árum sem ég átti sæti í stjórn Samtaka iðnaðarins, þar af sem formaður í sex ár, var sú vinnuregla viðhöfð að ákvarðanir um val á stjórnarmönnum sem samtökin komu að voru í höndum stjórnar en ekki framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna.

Samtök atvinnurekenda hafa lagt metnað í að velja öflugt og hæft fólk til setu í stjórnum þeirra níu lífeyrissjóða sem hér um ræðir. Kröfur til stjórnarmanna fara vaxandi og hefur FME m.a. sett reglur um hæfisviðtöl sem stjórnarmenn þurfa að gangast undir. Fulltrúum SA hefur sem betur fer vegnað vel í þessum hæfisviðtölum enda hafa samtökin gert sér far um að velja fólk til þessara starfa sem ætla má að rísi undir þeim kröfum sem gerðar eru. Fulltrúar SA eru flestir starfandi í fyrirtækjum en nokkrir eru yfirmenn hjá samtökum í atvinnulífinu. Fyrir því er áralöng hefð og hefur reynsla af störfum þeirra verið með ágætum enda í öllum tilvikum um hæfa og öfluga starfsmenn að ræða.

Auði Hallgrímsdóttur var falið að gegna stjórnarstörfum hjá lífeyrissjóði í fjögur ár. Þó að henni mislíki að hafa ekki verið beðin um að gegna þeim störfum lengur getur hún ekki leyft sér að ráðast að stjórnendum samtaka í atvinnulífnu með rangfærslum og innstæðulausum dylgjum. Auður á að geta gert betur en það.

# Eftirlitsiðnaðurinn er ein af ástæðum dýrtíðarinnar

VIÐSKIPTI



Jón Gerald Sullenberger
kaupmaður

Reglugerðafargan, tollar, vörugjöld, sykurskattur Steingríms J., vaskur (VSK) og útþaninn eftirlitsiðnaður hins opinbera er ein helsta ástæða þess hversu hátt dagvöruverð er hér á landi. Hundruð milljóna króna ef ekki milljarðar koma úr vösum almennings til greiðslu á kostnaðarsömum eftirlitsiðnaði sem er nú miklu meira en ofmannaður.

Ofan á þetta bætist oftúlkun Matvælastofnunar (MAST) á ESB-reglum, sem telur það heilaga skyldu sína að hindra að hingað berist matvæli frá öðrum löndum en aðildarríkjum ESB. Vörur sem eru ekki síður vandaðar og oft ódýrari í innkaupum en þær sem koma frá ESB því reglugerðafargan ESB kostar gríðarlegar fjárhæðir sem koma illa við buddu neytenda í aðildarlöndunum. Nú eiga íslenskir neytendur að taka þátt í þeim kostnaði hvað sem tautar og raular. Allur kostnaðurinn sem af þessu hlýst bitnar þungt á heimilum landsmanna, sem þegar bera þunga skuldabagga, og fjölskyldur eiga oft erfitt með að ná endum saman í innkaupum.

### Viðskiptahömlur

Ofan á allt þetta bætist að MAST, eftirlitsaðili stjórnvalda og sérstakur umboðsmaður ESB, sér t.d. til þess að ef bandarísk matvara kemst í gegnum trektina hjá stofnuninni þá þarf að fylla út allskyns form og senda inn til samþykktar fyrir hönd ESB. Í kjölfar þess verður að setja límmiða á allar pakkningarnar sem lýsa innihaldi og næringargildi samkvæmt ESB-reglum. Það er vitað að innihaldslýsingar ESB hafa þann höfuðtilgang að vernda hagsmuni evrópskra framleiðenda fyrir utanaðkomandi samkeppni. Þetta heitir á mannamáli viðskiptahömlur.

Bandarískir matvælaframleiðendur búa við einhverja öflugustu og ströngustu eftirlitsstofnun heimsins á þessu sviði, sem heitir the Food and Drug Administration (Matvælastofnun Bandaríkjanna). Enda, var það ekki í Bandaríkjunum sem upp komst um hrossakjötshneykslið? Nei, það var innan ESB sem eftirlitsiðnaðurinn svaf á verðinum, sem varð þess valdandi að evrópskir framleiðendur notuðu kjöt af gömlum dráttarklárum í stað nautakjöts. Það mætti halda að bandarískir framleiðendur komist upp með að setja hættuleg efni í matvörurnar sem vel yfir 300 milljónir manna neyta daglega.

### Bíða spennt eftir aðgerðum

Rétt eins og evrópskum kollegum þeirra er bandarískum matvælaframleiðendum gert að upplýsa bæði um innihald og næringargildi matvöru. Þeir tilgreina næringargildið í skammtastærð vörunnar miðað við einstakling, meðan evrópskum framleiðendum er gert að tilgreina næringargildið í hverjum 100 g innihalds. Það er miklu auðskildara og skýrara fyrir einstakling að skoða innihaldslýsingu á bandarískum pakkningum sem miða við eðlilega einstaklingsþörf heldur en þeim evrópsku sem krefst hugarreiknings miðað við 100 g. Matvælaframleiðendur vestra hjálpa neytendum að meta grömm dagneyslu 2.000 hitaeininga með því að merkja innihald matvörunnar í prósentum (%) sem eru auðskiljanlegar. Það er því augljóst hvað neysluskammturinn er stór, t.d. fullur diskur, bolli eða skál. Evrópska aðferðin kallar hins vegar á að neytandinn viti hvað skammturinn er þungur og síðan þarf hann að reikna í huganum miðað við 100 g, hversu mikið af næringarefnum, t.d. fitu, sykri og próteini, er í hverjum skammti.

**➜ Neytendur og matvöruverslunin bíða spennt eftir jákvæðum aðgerðum nýrrar ríkisstjórnar til þess að lækka matvælakostnað heimilanna.**

Vonandi mun ný ríkisstjórn leggja áherslu á að einfalda reglugerðafarganið, skera niður eftirlitsiðnaðinn, sem er orðinn þjóðfélagsvandamál, fella niður óþarfa opinberar álögur á matvæli, sem skila litlu í ríkiskassann þegar upp er staðið, og hætta að eltast við óþarfa reglugerðir Evrópusambandsins, sem við eigum enga samleið með. Neytendur og matvöruverslunin bíða spennt eftir jákvæðum aðgerðum nýrrar ríkisstjórnar til þess að lækka matvælakostnað heimilanna.

# Glíman við geðið

HEILBRIGÐISMÁL



Steindór J. Erlingsson
vísindasagnfræðingur

Nú í sumar eru 29 ár frá því ég áttaði mig skyndilega á því að erfiður kvíði var orðinn hluti af lífi mínu, þá á 18. aldursári. Nokkrum árum síðar varð erfið lífsreynsla í Eþíópíu líklega til þess að mikið þunglyndi og kvíði hefur markað líf mitt síðan. Þegar þrautagangan byrjaði upp úr 1990 voru lyf og innlögn á spítala það eina sem mér stóð til boða. Í einni innlögninni barst sú gleðifrétt að ég gæti mögulega tekið þátt í dagdeildarprógammi geðdeildar Borgarspítalans. Þurfti ég að ganga í gegnum stíf sálfræðipróf þar sem lagt var mat á hvort ég ætti heima þar. Í ljós kom að ég var of veikur til þess að taka þátt í starfinu. Þá spurði ég lækninn hvað hann hygðist gera fyrir mig. „Ég ætla að útskrifa þig.“ Þessi orð óma enn í huganum.

Síðan þá hefur þjónustan batnað. Ef horft er á geðdeildirnar er það mín tilfinning að dvölin þar hafi breyst til batnaðar. Nú yrði ég t.d. ekki sendur út í myrkrið á þeim forsendum að ég væri of veikur til þess að taka þátt í hinu frábæra starfi sem fram fer á Hvítabandinu, dagdeild geðdeildar Landspítalans. Ef það hentaði ekki af einhverjum ástæðum væri m.a. hægt að leita á náðir Klúbbsins Geysis, Hugarafls og Hlutverkaseturs, en slíkir staðir hafa verulega bætt hag einstaklinga sem eiga við erfiðar geðraskanir að stríða.

### Meiri ábyrgð

Þrátt fyrir þessar umbætur glímir geðlæknisfræðin við ýmis vandamál sem of lítið er fjallað um hér á landi. Nýjasta dæmið kom upp í lok síðasta mánaðar þegar bandarísku geðlæknasamtökin gáfu út fimmtu útgáfu greiningar- og flokkunarkerfis geðraskana (DSM-5). Flestir helstu fjölmiðlar heimsins fjölluðu ítarlega um málið. Þó ekki vegna þess að hér væri um merkan vísindalegan áfanga að ræða heldur sökum þeirrar miklu gagnrýni sem beint hefur verið að DSM-5.

**➜ Þrátt fyrir þessar umbætur glímir geðlæknisfræðin við ýmis vandamál.**

Gagnrýni á flokkun og greiningu geðraskana, of mikla ávísun geðlyfja, tengsl geðlækna við lyfjaiðnaðinn, litla virkni og hættulegar aukaverkanir sumra geðlyfja er ekki ný af nálinni. En þegar Allen Frances, einn þekktasti geðlæknir samtímans, gengur í hóp gagnrýnenda ættu allir að leggja við hlustir. Frances ritstýrði fjórðu útgáfu DSM (1994), sem hefur haft mun meiri áhrif á heimsvísu en flokkunar- og greiningarkerfi WHO (ICD-10).

Í síðasta mánuði sendi Frances frá sér bókina Saving Normal: An Insider‘s Revolt Against Out-of-Control Psychiatric Diagnosis, DSM-5, Big Pharma, and the Medicalization of Ordinary Life. Þó að Frances beini orðum sínum að bandaríska geðheilbrigðiskerfinu á margt af því sem hann segir vel við hér á landi. Hef ég þar helst í huga mikla ávísun geðlyfja og sjúkdómsvæðingu eðlilegra tilfinninga. Þó að sumt hafi breyst til hins betra hér á landi frá því að ég veiktist fyrst tel ég því nauðsynlegt fyrir íslenska geðheilbrigðisstarfsmenn og almenning að kynna sér gagnrýni Frances. Sjálfur stend ég mun betur að vígi eftir að hafa kynnt mér slíka gagnrýni, enda hefur hún gert mér kleift að taka meiri ábyrgð á eigin meðferð.



## GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

**Þjóðhátíðardagurinn er runninn upp og hátíðarhöld um allt land. Mikið er um að vera í höfuðborginni sem og öðrum sveitarfélögum. Búast má við miklum mannfjölda í miðborginni í dag. Best er að kynna sér dagskrá dagsins á heimasíðum bæja og velja sér skemmtun við hæfi.**



Glæsileg svalalokun fyrir svalirnar eða pallinn.

JÁRN&GLER
SVALSON
Járn og gler hf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 5858900 - www.jarngler.is




**VÖFFLUKAFFI** Arnar Gauti, Magnús Bjarki og Ísak Kristófer kunnu vel að meta vöfflurnar hjá Hrönn ömmu sinni, en hún hannaði hólfaðan disk úr postulíni til að bera fram vöfflur og aðra smárétti. MYND/VILHELM

# VÖFFLUR Í LAUFUM

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Hrönn Waltersdóttir keramikhönnuður hannaði postulínsdisk undir vöfflur til að bera þær fram öðruvísi en í bunka.*

Ég skoðaði hvernig við berum vöfflur fram. Það er alltaf vandræðalegt að rífa þær í sundur úr stafla á diski og ég vildi því reyna að bjóða þær fram á nýstárlegri hátt,“ útskýrir Hrönn Waltersdóttir, en hún hefur hannað hólfaðan postulínsdisk sem hún kallar Geisla.

„Við borðum vöfflur gjarnan með rjóma og þá mega þær ekki liggja flatar. Út frá pylsustatífi datt mér því í hug að búa til hólfaðan disk. Þá er hægt að raða þeim tilbúnum upp og grípa eitt og eitt lauf með annarri hendi. Þetta gerir vöfflurnar líka svo sparilegar.“ Diskurinn er lokaverkefni Hrannar frá Myndlistaskólanum í Reykjavík og auk hans hannaði hún skálar sem falla ofan í miðju disksins. Fram undan er frekari þróunarvinna og segist Hrönn hafa fengið góð viðbrögð við vörunni.

„Mig langar að útfæra diskinn á fæti og jafnvel sem snúningsdisk. Það verður þó ekki alveg strax, þar sem ég er að fara í framhaldsnám í haust til Bretlands, en svo er aldrei að vita hvað gerist. Leirinn er svo spennandi efni, það er alltaf hægt að gera eitthvað nýtt.“

**ÓSÆTAR FORRÉTTAVÖFFLUR HRANNAR**

2 bollar hveiti
1 tsk. lyftiduft
¼ tsk. salt
½ bolli súrmjólk
1 ½ bolli mjólk
50 g smjör
Þurrefnum blandað saman, mjólk og smjöri hrært saman við.

**Salat ofan á ósætar vöfflur**

125 g majónes
2 egg harðsoðin, skorin smátt
¼ tsk. salt
Mulinn svartur pipar
1 msk. smátt skorin gúrka
Öllu hrært vel saman
Þunnt skorin bleikja sett ofan á salatið, ásamt 1/6 af sítrónusneið, fersku dilli og svörtum kavíar.

**Vöfflur ósætar og án eggja**

2 bollar hveiti



1 tsk. lyftiduft
¼ tsk. salt
½ bolli súrmjólk
1½ bolli mjólk
50 g smjör
1 tsk. vanilludropar

Þurrefnum blandað saman, mjólk, smjöri og vanilludropum hrært saman við.

**Þeyttur rjómi, rifsberjasulta og súkkulaði**

Heitt súkkulaði
2 lítil Mars-súkkulaðistykki
50 g suðusúkkulaði
3 msk. rjómi
Hitað við vægan hita og hrært í með reglulegu millibili þar til það verður kekklaust. ■ **heida@365.is**


JEPPARAFGEYMAR
Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?

Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.
• 100 Ah, 850 Amper
• 30% meiri ræsikrafttur
• Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
• Örugg ræsing í miklum kulda
• Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
• Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði
Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is




Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE
WOMEN CERTIFIED
• Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
• Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
• 10 mismunandi nuddstillingar
• Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
• Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
• Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
• Glæsileg fjölnota fjarstýring
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Fimm stjörnu verslun
Frábært tilboð fyrir þá sem bíða eftir næstu sendingu
REVERIE 7S Supreme 2 x 90x200 cm
Verð áður kr. 569.900.-
Verð nú kr. 499.900.-
REVERIE 3E Essential 2 x 90x200 cm
Verð kr. 399.900.-
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

## BÍLAR & FARARTÆKI


SUZUKI



Rafmagnsreiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg reiðhjól sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð frá kr. 168.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



Nýr Jeep Grand Cherokee Limited Dísel, V6, 241hö, eyðsla 8,3 l/100km í blönduðum akstri, Stór glæsilegur, mjög vel búinn og flottur jeppi á frábæru verði, Verð 10.990þ.kr, Bíllinn er í salnum, komdu og skoðaðu úrvalið, rnr 130124,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16**
**http://www.isband.is**




VILTU KAUPA EÐA SELJA!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn og ferðavagninn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**


### Bílar til sölu



Toyota Landcruiser 80VX, 4,2 dísel, 38" dekk, leður. Árg. ,94 Ek. 424.000km. Auka tankur. Læstur að framan og aftan. 4:88 hlutföll. Loftdæla, loftkútur o.fl. Verð 2.190.000 kr Uppl. s: 697 4540.



BÍLAR og TÆKI TIL SÖLU VELAMIDSTODIN.IS maggi@metanbill.is S:5 800 439







Nærri 50% lægra verð. Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkomið með öllu. Prufukeyrðu hann! Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is S. 5522000.

Til sölu er suzuki vitara ,00, 3ja dyra, sk. ,14 gott að ganga um hann, mjög góður sparneytin ferðabíll. Tilboð, engin skipti. Upp. í s. 849 3136

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST**
**Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### Lyftarar




**KÖRFUBÍLALEIGA**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

### Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Fellihýsi




### Bátar



**FLOTTUR HRAÐBÁTUR TIL SÖLU.**
Vél 454cc, 330 hp, 80 km hámarkshraði. Er með Jet drifi, sérhannaður til siglinga á ám og grunnum vötnum. TILBOÐ: 3,7 m, ýmis skipti skoðuð. Uppl 899 0410

### Bílaþjónusta




### Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavia árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

### Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

**Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

### Garðyrkja







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

GARÐLIST 554 1989

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




**MÚRVIÐHALD SÍMI 770 4520 HÚSAVIÐHALD - NÝBYGGINGAR**
Allar múrviðgerðir - steining - múrar -

árатuga reynsla.

Smiðir - málarar - háþrýstiþvottur - píparar.

**Netfang: murvinna@gmail.com**



**SÓLPALLA/PARKET-SLÍPUN**
Tökum að okkur parket og sólpallaslípun, parketlagnir og viðgerðir. Vönduð vinna og frábær verðtilboð. Láttu okkur gera þér tilboð og gera parketið/pallinn eins og nýjan. Uppl. í s. 773 4949. parketlausnir.is







K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

**VIÐHALD FASTEIGNA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna Volkova.

### Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið frá 13-23. S. 863 1987 visa/euro.

# BÍLAR

MÁNUDAGUR 17. júní 2013



# TÆKNINÝJUNGAR SEM BREYTA MUNU BÍLUM

**Bílar næstu ára verða ólíkir bílum samtímans og nú þegar grillir í margar nýjungar sem hraðað gætu þróun þeirra.**

Við smíði bíla nútímans er sífellt leitað tækninýjunga sem bæta eiginleika þeirra, gera rekstur þeirra hagkvæmari, öruggari, þægilegri, minnka líkur á bilunum og gera þá umhverfisvænni. En hvaða tækninýjungar eru líklegastar til að hafa mestu áhrifin á næstunni? Bílavefurinn Jalopnik telur að þessar tækninýjungar gætu einmitt verið þær.

**1. Nýir orkugjafar**

Rafmagn, metan, vetni, háþrýstiloft og ef til vill fleiri orkugjafar fyrir bíla munu breyta heiminum og ekki er jarðefnaorkan ótæmandi. Breyting orkugjafa er líkleg til að verða sú mest afgerandi á næstu árum, ekki síst hvað varðar umhverfisþáttinn og heilsu okkar allra.

**2. Sjálfakandi bílar**

Það væri ekki ónýtt að geta unnið í aftursætinu með þráðlausa nettengingu og látið bílinn sjá um að aka á áfangastað. Þessi tækni er þegar til staðar og öryggi farþega ætti að vera meira en ef ökumaður sæi um aksturinn sjálfur með öllum þeim öryggisbúnaði sem er í þessum bílum. Er tímasparandi og eykur öryggi.

**3. Vélar án sveifarása**

Bíliðnaðurinn er nánast á byrjunarreit þarna en búið er að sannreyna að vélar geta án þeirra verið og af því hlýst mikill árangur. Þær léttast, eyða minna, menga minna og fækkar íhlutum sem bilað geta. Frumkvöðull þessarar tækni er hinn sænski ofurbílaframleiðandi Königsegg.

**4. Notkun koltrefja**

Notkun koltrefja hefur stóraukist á undanförnum árum en mun áfram vaxa mjög. Koltrefjar létta bíla afar mikið en styrkja þá í leiðinni. Vandinn er fólginn í háu verði efnisins, en það á eftir að lækka. Er mikið notað í dýra bíla en mun teygja sig neðar í verðflokkum þeirra.

**5. Aðlögunarhæf fjöðrun**

Þessa tækni má nú þegar fá í margar gerðir bíla en kostar skildinginn. Fjöðrunarbúnaður bílsins lagar sig að undirlaginu og breytir hegðun bílsins og gerir hann hæfari til aksturs og bíllinn ver sig betur fyrir vikið. Þessi búnaður mun lækka í verði og teygja sig í fleiri bílgerðir.

**6. Kasthjól**

Þessi tækni (KERS) er í mörgum keppnisbílum og er skyld hybrid-tækni að því leyti að orkan sem knýr kasthjólið kemur frá hreyfiorku bílsins sem uppruna sinn á í vélinni. Kasthjólið snýst á allt að 65.000 snúninga hraða á mínútu og þegar afl þess er nýtt skilar það feikimiklu togi. Þessi tækni minnkar eyðslu bíla og skilar mikilli aflaukningu, oftast á skömmum tíma.

**7. Nýting vélarhita**

Bílvélar búa til mikinn hita sem í þeim flestum fer forgörðum. Með því að nýta þann hita betur til að drífa fleira en miðstöðvar bílanna má spara mikla orku, spara eldsneyti og vera umhverfisvænni í leiðinni. Auðveldast er að gera það gegnum púststerfi bílanna.

**8. Vélarsnúningur sem stjórnast af gírvali**

Sumir vilja meina að beinskiptingar séu á hröðu undanhaldi fyrir sjálfskiptingum. En með búnaði eins og er í 2014 árgerð Chevrolet Corvette Stingray og hefur áhrif á snúning vélarinnar með tilliti til þess gírs sem valinn er minnkar eyðslan og hámarksafl fæst úr vélinni hverju sinni.

**9. Mælaborðið á framrúðuna**

Fá má margar dýrari gerðir bíla með þessari tækni þar sem helstu upplýsingum úr mælaborði bíla er varpað á framrúðuna og ökumenn þurfa ekki að taka augun af veginum. Þessi tækni kemur frá orrustuþotum. Hún eykur mjög öryggi og verður sífellt algengari og ódýrari í bílum.

**10. Sólarsellur**

Notkun sólarsella er mikil hjá húseigendum í Evrópu sem víðar og rafmagnsbílaframleiðandinn Fisker er með sólarsellur á þakinu sem hlaða rafgeyma bílsins. Sólarsellur eru góð aðferð til að spara eldsneyti bíla og í sólríkari löndum hentugar til að sjá fyrir megninu af þeirri hleðslu sem rafgeymar bíla krefjast. Sparar eldsneyti og er umhverfisvænt.




Á flottum skjá í miðju mælaborðsins má stjórna útvarpi og ýmsu fleira.


Innréttingar Audi eru þekktar fyrir fegurð og gæði og þessi sveik ekki.


Audi A4 Allroad skartar glerþaki sem nær langt aftur eftir bílnum.

**AUDI ALLROAD**

2,0 fjögurra strokka dísil, 177 hestöfl
Fjórhjóladrif

**Eyðsla** 6,0 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 156 g/km $CO_2$
**Hröðun** 18,1 sek.
**Hámarkshraði** 215 km/klst.
**Verð** 8.890.000 kr.
**Umboð** Hekla

# FÓLKSBÍLL OG JEPPI Í EINUM BÍL

## Allroad-bílarnir frá Audi eru heppilegir fyrir íslenskar aðstæður, með mikla veghæð og fjórhjóladrifnir.


Stæðilegur á velli með stóra brettaboga, svuntu í sama lit og 18 sentimetra undir lægsta punkt.

**AUDI A4 ALLROAD**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Audi hefur boðið Audi Allroad-bíla frá árinu 1999. Fyrsti Allroad-bíllinn var örlítið stærri en Audi A6 og byggði að mörgu leyti á þeim bíl. Hann var framleiddur til ársins 2005. Þegar sá bíll var aftur kynntur eftir eins árs hlé, þ.e. árið 2006, var hann alfarið byggður á A6-bílnum en hærri á vegi. Það var síðan árið 2008 sem Audi kynnti Allroad sem byggir á hinum talsvert minni A4-bíl. Allir Allroad-bílar eiga það sameiginlegt að vera smíðaðir til að ráða við erfiðara undirlag en venjulegar A6 og A4 gerðir og eru hálfgerðir torfærubílar og allir með hinu ágæta quattro-fjórhjóladrifi. Útlitslega standa þessir Allroad-bílar upp úr, en þeir eru allir með áberandi brettaköntum, stórum plasthlífum að framan og aftan, standa hærra frá vegi, eru með stórum álplötum neðst að aftan og ýmsum öðrum útlitsbreytingum frá hefðbundnu bílunum. Fyrir vikið eru þessir bílar mjög kraftalegir og mörgum finnst þeir fallegastir af A4 og A6 bílunum. Þeir eru aðeins framleiddir sem langbakar og ekki síst ætlaðir til lengri ferðalaga. Því eru þessir bílar einstaklega Íslandsvænir, enda eru talsvert margir Audi Allroad-bílar á götunum, flestir af árgerðunum 2000 til 2005.

### Frísk vél og stíf fjöðrun

Audi A4 Allroad var tekinn til kostanna nýlega, en hér á landi er hann boðinn með 2,0 lítra dísilvél, 177 hestafla. Þessi vél er mjög við hæfi fyrir þennan bíl, hún er mjög öflug og kemur honum í hundraðið á 8,2 sekúndum. Tog hennar er mjög mikið og ávallt nægt. Skrítið er að gefa honum inn og finna hversu ört sjö gíra S-Tronic sjálfskiptingin skiptir upp, en það gerir hún vegna þess hve miklu togi vélin nær á lágum snúningi, mest á milli 1.750 og 2.500 snúninga. Því fer hún aldrei í neinn yfirsnúning og hröðunin verður fyrir vikið yfirveguð og hljóðlát. Bílinn má einnig fá með 3,0 lítra dísilvél, 245 hestafla og sjö gíra DSG-sjálfskiptingu með tveimur kúplingum. Sá bíll er alger raketta og er orðinn hálfgerður sportbíll í leiðinni. Eyðsla tveggja lítra dísilvélarinnar er einn af stórum kostum þessa bíls, eða 6,0 lítrar í blönduðum akstri. Það kemur kannski ekki á óvart þar sem þessi vél er almennt álitin ein besta dísilvél sem framleidd hefur verið í heiminum og finnst í nokkrum útgáfum í hinum ýmsu gerðum bíla Volkswagen-fjölskyldunnar.

### Eiginleikar fólksbíls og jeppa í einu

Ökumaður situr hátt í bílnum, útsýni er gott en það kunna margir að meta líkt og í jepplingum. Veghæðin er 18 sentimetrar, örlítið lægri en í flestum jepplingum. Talandi um jepplinga, þá eru Allroad-bílarnir hálfgerðir jepplingar en hafa þann kost að auki að vera með fólksbílaeiginleika þegar kemur að akstri. Þetta kemur berlega í ljós við akstur A4 Allroad. Hann liggur ekki alveg eins vel og hefðbundnir A4- og A6-bílar og hallar örlítið meira í beygjum. Fjöðrunin er öll nokkuð stífari og hastari og því er aksturinn ekki alveg eins ljúfur og í þeim frábæru akstursbílum. Þessi uppsetning Allroad er samt einkar skiljanleg þar sem hann stendur hærra og á að geta glímt við erfiðara undirlag og vera fær um að takast á við vegleysur. Tilfinning fyrir vegi er líka ekki eins beintengd ökumanni og í hreinræktuðu fólksbílunum, en hún vekur samt mikla öryggiskennd og er ekta Audi. Slaglengd fjöðrunarinnar er lengri en í venjulegum A4 og hún étur betur upp ójöfnur og þar koma kostir Allroad sannarlega í ljós.

### Kaupendur Allroad verða háðir

Það hefur einkennt Allroad-bílana gegnum tíðina að þeir eru einstaklega vel búnir og koma í staðalgerð með margt sem betur útbúnar fólksbílagerðir A4 og A6 státa af. Innréttingin í bílnum er gríðarlega fáguð, alveg í takt við aðra Audi-bíla, en gengur e.t.v. örlítið lengra vegna góðs útbúnaðar hans. Leðurklædd sætin eru bæði hrikalega flott og góð og í lengri prufuakstri fóru þau vel með ökumann og farþega. Vel fer um aftursætisfarþega og rými gott aftur í. Einn af stórum kostum Audi A4 Allroad er síðan ríflegt skottrými bílsins. Þar gleypir hann mikinn farangur og ef aftursætin eru lögð niður, heil ósköp. Gólfið verður þó ekki marflatt með sætin niðri og telst það ókostur. A4 Allroad kemur með tíu hátalara hljóðkerfi,

Minna að fletta
meira að frétta

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

visir.is




FITON / SÍA

BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

FORMÚLA 1 Vísir.is

**KEMUR Á ÓVART**

- Hversu vel bíllinn er búinn
- Afl þessarar tveggja lítra dísilvélar
- Að mesta tog vélarinnar er á lágum snúningi

- Stíf fjöðrun
- Takmarkað val á vélarkostum

- Fallegur útlits
- Vel útbúinn
- Mikið notagildi

**STÓR VÉL**
**Fá má bílinn með 3,0 lítra og 245 hestafla dísilvél.**

**SPARNEYTINN**
**Eyðslan er aðeins 6,0 lítrar í blönduðum akstri.**

**GOTT ÚTSÝNI**
**Ökumaður situr hátt í bílnum og útsýnið er gott.**

**VINSÆLL**
**Mesta tryggð Audi-kaupenda er við Allroad-bílana.**

þriggja svæða hitastýrði miðstöð, rafstilltum framsætum með minni, regnskynjara að framan og aftan, þakboga og þeir koma á 17 tommu flottum álfelgum. Margt annað góðgæti fylgir þessari útgáfu bílsins og því fær kaupandi hans margt aukalega sem hefði þurft að sérpanta fyrir talsvert fé í grunngerð A4. Einhvern veginn kemur það ekki á óvart að tryggð kaupenda Audi-bíla er mest við Allroad-bíla þeirra og kaupendurnir því einkar ánægðir með þá. Þeir sem kaupa Allroad kaupa aftur nýrri Allroad. Það er margt leiðinlegra en að verða háður gæðabílum eins og Audi Allroad.



Farangursrýmið er heppilegt til langra ferðalaga og opnun afturhlerans góð.



## Þessi fór aldrei í framleiðslu hjá Ford

Mikil synd var að þessi bíll Ford fór aldrei í framleiðslu. Ford smíðaði hann árið 1962, nefndi hann Ford Cougar 406 Concept og hætti svo við framleiðsluna. Þetta var enginn venjulegur bíll, með 6,7 lítra V8-vél og því feikiöflugur. Það sem sérstæðast var þó við hann voru vængjahurðirnar. Það var Dean Jeffries hjá Ford sem útfærði þennan bíl og var hann smíðaður á undirvagni úr Thunderbird-bíl.

Ástæðan fyrir því að hann fór aldrei í framleiðslu var líklega sú að Bandaríkjamenn voru ekki tilbúnir fyrir bíl með vængjahurðum sem leit út fyrir að vera frá Ítalíu. Þessi bíll er hins vegar svo fallegur að hann hefði getað orðið að mikilli klassík á meðal bílaáhugamanna, en fyrst þarf jú að búa bílinn til. Hann var sem sagt of fallegur og framúrstefnulegur fyrir Bandaríkjamenn.

*Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti*

# Er tímareimin komin á tíma?

bílaverkstæði VÉLALAND

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

*Gerðu verðsamanburð - Pantaðu tíma*



Verðdæmi um tímareimaskipti

Skoda Octavia 1,9l dísil Árgerð 2004-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 66.048 kr.

Renault Kangoo 1,6l 16V Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 89.737 kr.

Chevrolet Lacetti 1,8l Árgerð 2006-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 57.632 kr.

Volkswagen Golf 1,6l Árgerð 2004-
Heildarverð, varahlutir og vinna: 76.965 kr.

Subaru EJ20 2,0l Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutir og vinna: 81.999 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

*Við erum á 3 stöðum!*

Við erum í **Jafnaseli 6,** við hliðina á Krónunni og Sorpu.

Við erum í **Dalshrauni 5,** við hliðina á Actavis.

Við erum á **Bíldshöfða 8** við hliðina á Citroen og Mazda

Vélaland: Bíldshöfða 8 , sími 515 7170 I Dalshrauni 5, sími 515 7181 I Jafnaseli 6, sími 515 7193 I velaland@velaland.is

# Benz uppfærir E-línu í samkeppninni við BMW og Audi

Það hefur farið fyrir brjóstið á Mercedes-Benz að hafa misst kórónuna sem söluhæsta lúxusbílamerkið í Bandaríkjunum og vera nú á eftir BMW. Í því augnamiði að snúa þeirri þróun við ætlar Benz að troða uppfærða E-línu sína af nýjungum sem margar eiga uppruna sinn í lúxusbílnum S-Class. Meðal búnaðar sem bætist í E-Class verður öryggisbúnaður sem greinir gangandi vegfarendur, búnaður sem varar við ef farið er út af akrein og búnaður sem greinir þreytumerki og syfju ökumanns. Benz hefur gefið það upp að fyrirtækið ætli að ná titlinum stærsti lúxusbílaframleiðandi heims árið 2020 og ætlar greinilega að gera það með tækninýjungum. Nýr Mercedes-Benz E-Class hefur selst svo vel í Bandaríkjunum frá því hann kom í apríl að enginn lager er til af bílnum þar. Benz mun kynna nýja fjögurra strokka dísilvél í E-Class í september til að keppa við sambærilegar vélar í BMW 5-línunni og Audi A6-bílnum. Benz mun kynna CLA-bíl sinn vestanhafs í september og gæti sá bíll hjálpað Benz að komast upp fyrir BMW í fjölda seldra bíla í Bandaríkjunum.





## Mexíkó hið nýja draumaland ofurbílanna

Kína hefur verið mest vaxandi ákvörðunarstaður dýrra ofurbíla á undanförnum árum, en viðskiptablaðið Forbes spáir því að mikill vöxtur verði í eftirspurn eftir þannig bílum í Mexíkó á næstu árum. Fyrir stuttu bárust Ferrari 15 pantanir í Ferrari La-Ferrari bílinn frá Mexíkó og Ferrari von á því að það marki einungis upphafið í góðri eftirspurn þaðan. Ýmis teikn eru á lofti sem styðja þessar væntingar.

Efnahagurinn í Mexíkó er á lóðréttri uppleið og milljónamæringum fjölgar dag frá degi. Stjórnmálaástand er stöðugt, hagvöxtur mikill, menntun sífellt batnandi og nálægðin við Bandaríkin hefur gert viðskiptalífinu gott. Því horfa bílaframleiðendur dýrra bíla hýru auga til landsins sunnan við Bandaríkin. Mörg framleiðslufyrirtæki hafa á undanförnum árum reist verksmiðjur í Mexíkó og eru bílaframleiðendur þar á meðal.



## Citroën Nemo – skrifstofa á hjólum

Nýr meðlimur í sendibílaflórunni er nú í boði hjá Brimborg, Citroën Nemo, nettur bíll en stór að innan og með talsvert mikið flutningsrými. Í hann má koma allt að 660 kílóum og slær hann þar við mörgum stærri sendibílnum. Hann er með rennihurðir á báðum hliðum og að auki afturhurð sem opnast í 180 gráður og því góður til lestunar. Hleðslurými hans er 1,52 metrar og leggja má farþegasætið niður og þá lengist það í 2,49 metra. Hann rúmar því auðveldlega eina pallettu. Allt er fyrir ökumann hans gert, fjöldi geymsluhólfa er í honum og þegar farþegasætið er lagt niður breytist það í vinnuborð, eins konar skrifstofu fyrir ökumann. Verðið á bílnum er 2.390.000 krónur, eða 1.904.382 kr. án virðisaukaskatts.





FÍTON / SÍA

# Fréttablaðið er fáanlegt alls staðar!

Fréttablaðið er fáanlegt á sölustöðum víða um land, í stórmörkuðum, sjoppum og á bensínstöðvum.

Blað dagsins er alltaf aðgengilegt í rafrænni útgáfu á visir.is.

Og nú er hægt að sækja Fréttablaðsappið í App Store, Google Play eða Windows Marketplace. Með appinu geta snjallsíma- og spjaldtölvunotendur lesið Fréttablaðið á hverjum morgni.

Þú þarft ekki að hafa neinar áhyggjur af að missa af þínu daglega blaði þegar þú leggur af stað í sumarfríið. Fréttablaðið er aðgengilegt alltaf og alls staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ




App sem þú þarft!
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Sláðu inn **Fréttablaðið** í App Store, Google Play eða Windows Marketplace og náðu í appið.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**
Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun
Gangstéttarsópun
Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
Umhverfishreinsun
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

**HÚSDÝRAGARÐURINN HRAÐASTÖÐUM MOSFELLSBÆ.**
Opið 9-17 alla daga hænur, kindur, geitur, svín. 600 kr. inn. Erum á facebook. S. 8995136.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Rétt loftræsting lækkar rakastig, bætir loftið og dregur úr líkum á myglusvepp. Íshúsið ehf www.viftur.is S:566 6000.



Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is, S:566 6000.




**FLÓAMARKAÐURINN NÝBÝLAVEGI 8 GAMLA TOYOTAHÚSINU,**
Dvd myndir, húsgögn, pelsar, vínilplötur, silfurmunir, plötuspilarar, frímerki og ýmislegt fleira fyrir lítið sem ekkert. Heitt á könnunni og heimabakaðar kleinur á vægu verði.
**Opið allar helgar frá kl 11:00 - 17:00 Borðapantanir floi@markadir.is**



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sogavegur 3, Sími 777 2000.

**MIÐSTÖÐVARKETILL TIL SÖLU**
Er staðsettur á Ströndum. Auka blöndungur fylgir. Verðhugmynd: 30.000 Uppl. í s. 859-1012 Jóhann, 869-2052 Ólafur, 894-3820 Hannes.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

s. 552-4910.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri




## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug

Við kennum þér að fljúga Flugkennsla síðan 1964 Sími 5510880 / 8959028 Flugskóli Helga Jónssonar

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**WWW.AKSTURINN.IS**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 12-18. www.leiguherbergi.is**

56 fermetra, 2 herbergja íbúð til leigu á Snorrabraut (105 rvk). Eitt svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, stofa og eldhús. Þvottahús í kjallara. Áhugasamir sendi póst á geirmundur11@ru.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir studio íbúð í Reykjavík eða kópavogi. S. 8693017 og 7773507

**ÍBÚÐ ÓSKAST Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU !**
Óskum eftir 3-4ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reyklaus og reglusemi. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 865 8539 / 843 0774.

## Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNARHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlagegi 6 og 8 (gamla Toyotahúsinu) Til leigu 150 - 2000 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**51,6 M2 FRÍSTUNDABIL TIL SÖLU**
Eitt bil af þessari eftirsóttu stærð er til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VANUR STARFSKRAFTUR ÓSKAST Á HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**
Þarf að tala íslensku, ekki yngri enn 25 ára. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




**KONA, LEITAR ÞÚ ÁSTAR?**
Tilbreytingar? Afþreyingar? Ertu nuddari? Auglýstu frítt. Rauða Torgið, s. 555-4321

## styrkir

MYNDSTEF ÍSLANDS HÖFUNDA

**Verkefnastyrkir og ferða- og menntunarstyrkir Myndstefs 2013**

Myndstef auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki og ferða- og menntunarstyrki á vegum samtakanna.

**Rétt til þess að sækja um styrki Myndstefs hafa allir myndhöfundar.**

Sérstök umsóknareyðublöð eru á vef samtakanna www.myndstef.is og þar eru einnig nánar skilgreind þau atriði sem þurfa að koma fram í umsókninni ásamt reglum um úthlutun styrkjanna.
**Umsóknarfrestur rennur út 16. ágúst 2013.**
Umsóknir sem berast eftir þann tíma fá ekki afgreiðslu.
Tekið skal fram að póststimpill gildir á innsendum umsóknum.
Umsóknir skulu berast til skrifstofu Myndstefs, Hafnarstræti 16, p.o.box 1187, 121 Reykjavík fyrir ofangreindan tíma.

Vakin er athygli á að þeir sem sent hafa inn umsóknir um styrki fyrir birtingu þessarar auglýsingar verða að endurnýja þær umsóknir.

Allar nánari upplýsingar gefur Ólöf Pálsdóttir á opnunartíma skrifstofunnar, 10:00 – 14:00 alla virka daga. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið myndstef@myndstef.iws

Vakin er athygli á því að Myndstef áskilur sér rétt til að birta á heimasíðu sinni texta og myndir um viðkomandi verkefni í samráði við höfund þess.

**Stjórn Myndstefs**



# Við erum komin í 30.000 síma



**30.000** manns hlusta nú á Bylgjuna, FM957, X977 og fimm aðrar útvarpsstöðvar hvar og hvenær sem er.
Komdu í hópinn. Þú getur hlustað í beinni, hlustað á hljóðbrot, fengið áminningu áður en uppáhalds þátturinn þinn byrjar ofl. ofl.
Finndu þína stöð í App Store eða Google play.



**RETRO STEFSON**

**SKRÚÐ GANGA**



**SVEPPI**

**LEIKTÆKI**

**PYLSUR**

# 17. JÚNÍ HÁTÍÐARHÖLD Í KÓPAVOGI



**HELGI BJÖRNS**
**OG REIÐMENN VINDANNA**

**HOPPU KASTALAR**



**EYÞÓR INGI**

**ALLT ÞETTA OG SVO MIKLU MIKLU MEIRA**

## DAGSKRÁ

**10.00–12.00** Pallbílar frá Kópavogsbæ aka um bæinn með brassband Skólahljómsveitar Kópavogs og vekja alla bæjarbúa á þessum hátíðardegi
**10.00–11.00** 17. júní hlaup fyrir börn í 1.-6. bekk á Kópavogsvelli. Allir sem taka þátt fá verðlaunapening
**13.30** Skrúðganga frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs. Nýstúdent og Fjallkona leiða gönguna
**14.00–18.00** Hátíðardagskrá hefst á Rútstúni
**14.30** Skemmtidagskrá fyrir fjölskylduna á sviðinu
**15.00–18.00** Félagsmiðstöðin Gjábakki býður upp á hátíðarkaffi. Söngvararnir Davíð og Stefán ásamt tónlistarhópum frá Skapandi sumarstörfum koma fram
**19.30** Svakalegir kvöldtónleikar hefjast á Rútstúni

## SKEMMTIDAGSKRÁ Á SVIÐINU

Eyþór Ingi • Björn Thoroddsen, aleinn og óstuddur Lára Rúnars og hljómsveit • Dagur Sig og hljómsveit Solla stirða og Íþróttaálfurinn • Dansatriði frá Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar • Kynnir: Sveppi

## Á RÚTSTÚNI OG VÍÐAR

Götuleikhús Kópavogs flytur leikþátt fyrir börnin Skapandi sumarstörf úr Molanum standa fyrir fjölbreyttum uppákomum • Leiktæki, hoppukastalar, veltibíll, andlitsmálun og fleira • Íþróttafélögin verða með söluskála á Rútstúni og vöfflusölu í Sundlaug Kópavogs • Glæsilegur handverksmarkaður með miklu úrvali af skemmtilegum vörum • Hjálparsveit skáta í Kópavogi verður við enda Vallargerðisvallar. Sveitin sýnir tæki og búnað auk þess að sinna sjúkragæslu, bjóða upp á klifurvegg og fleira.

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ Á RÚTSTÚNI

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, flytur ávarp • Skólahljómsveit Kópavogs spilar undir styrkri stjórn Össurar Geirssonar, hljómsveitarstjóra Fjallkonan fer með ljóð • Nýstúdent flytur ræðu

**19.30–22.00**
**KVÖLDTÓNLEIKAR Á RÚTSTÚNI**

Helgi Björnsson og Reiðmenn Vindanna
Retro Stefson • Cleetus the Fetus • Fjöltengi

Kópavogsbær

kopavogur.is

## MERKISATBURÐIR

**1900** Fyrsta póstferð með varning og fólk í fjórhjóla hestvagni, farið frá Reykjavík austur í sveitir.

**1907** Íslenskur fáni, blár og hvítur, er fyrst dreginn að húni um landið.

**1911** Háskóli Íslands er settur í fyrsta sinn, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta.

**1915** Fyrsta bílprófið er tekið í Reykjavík. Handhafi skírteinis númer eitt er Hafliði Hjartarson trésmiður, 28 ára gamall.

**1918** Loftskeytastöðin á Melunum í Reykjavík er tekin í notkun í samvinnu við Marconi-félagið í London.

**1925** Á Ísafirði er tekið í notkun nýtt sjúkrahús sem talið var hið fullkomnasta á Íslandi.

**1926** Björg Karítas Þorláksdóttir verður fyrst íslenskra kvenna til að ljúka doktorsprófi er hún ver doktorsritgerð sína við Sorbonne-háskóla í París.

**1941** Alþingi kýs Svein Björnsson fyrsta ríkisstjóra Íslands.

**1944** Stofnun íslenska lýðveldisins er formlega lýst yfir á Þingvöllum og stjórnarskrá lýðveldisins staðfest.

**1959** Íþróttaleikvangurinn í Laugardal er vígður.

**1980** Ísbjarnarblús Bubba Morthens kemur út.



**ÁRBÆJARSAFN** Margar nýjar sýningar hafa verið opnaðar í Árbæjarsafni nú í sumarbyrjun.

# Þjóðbúningar á Árbæjarsafninu

Gestir hvattir til að mæta í eigin búningum.

Í Árbæjarsafni verða þjóðbúningar í aðalhlutverki í dag, 17. júní, og eru gestir hvattir til að mæta í eigin búningum. Fjallkonu safnsins verður skautað klukkan 14 og geta gestir fylgst með því hvernig faldur, faldblæja og spöng eru sett upp og borin við skautbúning. Upp úr klukkan tvö mæta glæsivagnar Fornbílaklúbbs Íslands og verða bílarnir til sýnis á safnsvæðinu fram eftir degi. Um þrjú verður síðan nikkan þanin á Torginu og gestum boðið upp í dans. Venju samkvæmt býður Dillonshús upp á ljúffengar veitingar.

Margar nýjar sýningar hafa verið opnaðar í Árbæjarsafni nú í sumarbyrjun. Þar má nefna sýninguna Framtíðarþrá og fortíðarhyggja þar sem sagðar eru sögur af þróun og mótun elsta hluta Reykjavíkur. Sagt er frá stórkarlalegu skipulagi og metnaðarfullri framtíðarsýn, hugmyndum um bílaborgina og stórhýsum sem aldrei risu. Sagt er frá gömlum húsum sem hafa horfið og öðrum sem fengu að standa og hafa öðlast nýtt líf. Einnig húsum sem hafa skipt um hlutverk í takt við breytingar í samfélaginu. Þá fáum við að sjá hvernig götur segja sögu borgar í stöðugri þróun. Þetta er saga sem ekki sér fyrir endann á. Þá er saga Heimilisiðnaðarfélagsins rakin í máli og myndum í einu safnhúsanna en félagið fagnar einmitt 100 ára afmæli í ár. Þá sýnir Kristín Þórunn Helgadóttir í Listmunahorninu og nefnist sýningin Fjöruperlur.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR LOVÍSA MARÍASDÓTTIR**

**Daggarvellir 6B, Hafnarfirði,**

andaðist 10. júní á Landspítalanum 13 E. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 21. júní klukkan 13.00.



**María Bragadóttir**
**Bragi Bragason** **Ragnhildur Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**TÓNLISTARAKADEMÍAN** Hinn þrettán ára gamli fiðluleikari Kevin Zhu og píanóleikarinn Haeri Suh. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Undrabarn í fiðluleik kemur fram í Hörpu

Alþjóðlegu tónlistarakademíunni í Hörpu lýkur í dag með hátíðartónleikum í Norðurljósasal. Hinn þrettán ára Kevin Zhu er meðal þeirra sem koma fram.

„Þetta hefur gengið framar öllum vonum,“ segir Kristín Mjöll Jakobsdóttir, verkefnastjóri Alþjóðlegu tónlistarakademíunnar í Hörpu sem lýkur í dag með hátíðartónleikum í Norðurljósasal Hörpu klukkan 16. Þar munu þátttakendur námskeiðsins koma fram og leika með alþjóðlegum listamönnum. Á meðal þeirra síðarnefndu er Kevin Zhu, þrettán ára fiðluleikari, sem kemur til Íslands alla leið frá Kaliforníu til að leika með þátttakendum.

Lin Wei Sigurgeirsson er listrænn stjórnandi akademíunnar, sem fer nú fram í fyrsta sinn, og átti hún frumkvæði að hugmyndinni um alþjóðlegt tónlistarnámskeið og sumartónleika í Hörpu fyrir tónlistarnema. Um er að ræða alþjóðlegt námskeið fyrir nemendur á strengjahljóðfæri á öllum aldri, með möguleika á að bæta við fleiri hljóðfærum síðar þegar námskeiðið hefur fest sig í sessi. Markmiðið er meðal annars að hlúa að menntun ungra og hæfileikaríkra tónlistarnema á Íslandi, stuðla að uppbyggingu nýrrar kynslóðar íslenskra hljóðfæraleikara, gefa nemendum tækifæri til frekari þjálfunar í einleik og samleik og að gefa nemendum tækifæri til að koma fram í Hörpu. Þá á Akademían í alþjóðlegu samstarfi, meðal annars við Lin Yao Ji Music Foundation of China sem gerir kleift að bjóða kennurum og nemendum víðs vegar að.

Það er einmitt vegna tengsla tónlistarakademíunnar við Lin Yao Ji Music Foundation of China sem undrabarnið Kevin Zhu, vinningshafi Menuhin-keppninnar 2012, kemur til landsins og mun hann ríða á vaðið með Tilbrigðum við stef eftir Paganini fyrir fiðlu og píanó og hina frægu Carmen fantasíu eftir Waxman.

> ➜ Það er einmitt vegna tengsla tónlistarakademíunnar við Lin Yao Ji Music Foundation of China sem undrabarnið Kevin Zhu, vinningshafi Menuhin-keppninnar 2012, kemur til landsins.

„Það er gaman að segja frá því að á heimasíðu Menuhin-keppninnar er sagt frá Akademíunni okkar og forsvarsmenn hennar hafa lýst yfir áhuga á áframhaldandi samstarfi við okkur, svo þetta gæti hæglega dregið dilk á eftir sér,“ segir Kristín Mjöll og hvetur alla til að láta sjá sig í Hörpu á þjóðhátíðardaginn. Allar upplýsingar um dagskrá tónleikanna má finna á Harpa.is.

**ÞETTA GERÐIST:** 17. JÚNÍ 1811

# Jón Sigurðsson forseti fæðist

Jón Sigurðsson, oft nefndur Jón forseti, fæddist þennan dag fyrir 202 árum. Hann var helsti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á 19. öld, en fæðingardagur hans var valinn sem þjóðhátíðardagur Íslendinga þegar lýðveldið Ísland var stofnað 17. júní 1944.

Jón fæddist á Hrafnseyri í Arnarfirði á Vestfjörðum. Á uppvaxtarárunum stundaði Jón nám hjá föður sínum en fluttist til Reykjavíkur átján ára og tók stúdentspróf 1829. Í höfuðstaðnum kynntist hann verðandi eiginkonu sinni, Ingibjörgu Einarsdóttur. Hjónin voru bræðrabörn.

Jón nam málfræði, íslenskar bókmenntir og sögu við Kaupmannahafnarháskóla en lauk þó aldrei prófi. Hann var kosinn þingmaður Ísafjarðarsýslu árið 1844 og settist á Alþingi árið 1845.

Viðurnefnið forseti fékk hann eftir að vera forseti Hafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags.

Þegar Danakonungur afsalaði sér einveldi 1848 ritaði Jón „Hugvekju til Íslendinga“ þar sem hann hvatti landsmenn til baráttu fyrir sjálfstæði. Á þjóðfundinum 1851 lagði hópur Íslendinga fram mótfrumvarp við frumvarp Danakonungs um stjórnskipun Íslands. Stiftamtmaður Danakonungs neitaði frumvarpinu framgöngu og brást þá Jón við og mótmælti. Undir tóku viðstaddir með hinum fleygu orðum: „Vér mótmælum allir“. Þaðan í frá var Jón talinn óumdeildur leiðtogi sjálfstæðisbaráttunnar.

Jón lést 7. desember 1879 eftir langvinn veikindi.



NÝTT KORTA TÍMABIL

# TAX FREE DAGAR

## SÍÐASTI SÉNS Í DAG!

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF ÖLLUM **DÖMU- OG HERRAFATNAÐI 13.-17. JÚNÍ**



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 17. júní.

**OPIÐ 17. JÚNÍ**

| | SKEIFAN GARÐABÆR EIÐISTORG AKUREYRI | HOLTAGARÐAR SPÖNG SMÁRALIND | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS | KRINGLAN |
|---|---|---|---|---|
| Mánudagur 17. júní | 24 TÍMA | 12-20 | 12-18 | LOKAÐ |

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 2 | 8 | | 6 | 1 |
| | | | | | | | 2 | 5 |
| 9 | | 3 | | | | | 7 | 8 |
| 7 | | | | 8 | 2 | | | 6 |
| | | 5 | 3 | | | | 8 | |
| | 6 | | | 5 | 7 | | | |
| 8 | | | | 4 | | | 9 | |
| 1 | | | | | | | | |
| | 3 | 6 | | 1 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 3 | 7 | | | 8 | |
| 4 | | | 5 | 8 | 9 | | | |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | | 1 | |
| 9 | | | | 2 | 1 | | | 6 |
| 1 | | 5 | | | 8 | 7 | | |
| | | 9 | | 4 | | | | 7 |
| | | | | | 6 | 1 | | 3 |
| | | 6 | | | | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 7 | 5 | | | | |
| | | | | | 8 | | 1 | |
| | | | | | 3 | | | |
| | 9 | | | | 7 | | 2 | 8 |
| 2 | 6 | | 4 | | | | | |
| 8 | | | 2 | | | | 3 | |
| | | | 3 | | | 7 | | 5 |
| 4 | | 1 | 6 | | | | 9 | |
| | | 6 | | 9 | | 1 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 |
| 3 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 9 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 |
| 1 | 4 | 3 | 6 | 8 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 4 | 3 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 8 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 3 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 2 | 1 | 8 |
| 6 | 2 | 8 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 |
| 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 4 | 9 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 8 | 6 | 4 | 7 | 9 | 3 |
| 6 | 4 | 3 | 9 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 4 | 1 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 1 | 8 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 8 | 5 | 9 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 |
| 8 | 3 | 1 | 4 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 |
| 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég tek kvikmyndir ekki alvarlega og þeir sem gera það eiga höfuðverk í vændum.“**

*Bette Davis*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** ögn **6.** frá **8.** hestaskítur **9.** farvegur **11.** tveir eins **12.** bit **14.** framvegis **16.** verslun **17.** iðka **18.** eyrir **20.** persónufornafn **21.** malargryfja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi **3.** pot **4.** reiðufé **5.** svelg **7.** fáskiptinn **10.** gras **13.** útsæði **15.** kviður **16.** hryggur **19.** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** moli, **6.** af, **8.** tað, **9.** rás, **11.** uu, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** bt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** krús.

**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** iðu, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** magi, **16.** bak, **19.** rú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Gelfand, Caruana, Mamedjarov og Nakamura eru efstir og jafnir á minningarmóti Tals í Moskvu. Í 2. umferð vann Gelfand Caruana.**

**Svartur á leik**



32...Re2! Leikur riddaranum ofan í þrjá menn. Hvítur reyndi 33. Rh1 d3+ 34. Kd1 Df3 en gafst upp sjö leikjum síðar. Í þriðju umferð bar síðan Caruana sigurorð af Carlsen. **www.skak.is.** Minningarmót um Tal – 4. umferð í dag.

DOMINO'S Á ÍSLANDI ÓSKAR ÍSLENDINGUM GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR

## Í DAG ER

# HÁTÍÐ

### Og þú getur sótt hana eða fengið senda heim.

(Hér eru dæmi um sannkallaðar hátíðarpizzur sem finna má á matseðli Domino's)



**FIESTA**
Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano



**KJÖTVEISLA**
Skinka, pepperoni og nautahakk



**PEPPERONI VEISLA**
Tvöfaldur skammtur af pepperoni og aukaostur

Domino's Pizza á Íslandi hefur að markmiði að vera leiðandi fyrirtæki á skyndibitamarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að vinna alltaf með fyrsta flokks hráefni og hágæðavöru. Þess vegna er notaður íslenskur ostur og íslenskar kjötvörur við framleiðslu á Domino's pizzum.

**VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!**

TM

FÍTON / SÍA

FIESTA: Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano





17. JÚNÍ Í REYKJAVÍK

## Dagskrá

**09.55** Samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík
**10.15** Guðsþjónusta í Dómkirkjunni
**11.10** Athöfn á Austurvelli
**11.50** Skrúðganga frá Austurvelli í kirkjugarðinn við Suðurgötu
**11.00** Mikka Maraþon í Laugardalnum
**12.15-16** Akstur fornbíla og sýningar
**13.00** Skrúðgöngur
Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg.
Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarð.
**13-17** Hljómskálagarður
**13-17** CrossFit Reykjavík í Pósthússtræti
**13.30-16.45** Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli
**16.45-19.00** Tónleikar á Arnarhóli
**13.30-17.30** Tónleikar á Austurvelli
**13.30-17** Sirkustorg á Ingólfstorgi
**13.30 og 14.30** Brúðubíllinn í Hallargarði
**13.30 – 17.00** Hátíð í Hörpu
**13.30-17** Listhópar Hins hússins verða á ferli víðs vegar um miðbæinn
**13.45-16** Orðið flýgur um bæinn
Ljóðadagskrá í samvinnu við Bókmenntaborg UNESCO. Leikkonurnar Thelma Marín Jónsdóttir, Hafdís Helga Helgadóttir og Katrín Helga Andrésdóttir flytja úrval skemmtilegra ljóða hér og þar í Kvosinni, á Austurvelli **13.45**, í Bríetarbrekku **14.15**, í Mæðragarði **14.45**, í Hljómskálagarði **15.15** og við styttu Tómasar Guðmundssonar **15.45**
**14-16** Sólskoðun á Austurvelli
**14** Kraftakeppni við Ráðhúsið
**14-16** Útileikir við tjörnina á Ísbjarnarflötinni
**14-17** Fjöltefli á Útitaflinu
**14-18** Víkingar í Hallargarði
**15 17** Júnímót í siglingum Siglingamót Brokeyjar á sundinu fyrir utan Sæbrautina
**15 og 16** Þjóðsöngur í Eldborg
**16** Harmónikuball í Ráðhúsi
**17** Dansleikur á Ingólfstorgi

# Fjölbreytt hátíðarhöld á 17. júní

**Miðborg Reykjavíkur verður undirlögð af margvíslegum uppákomum í tilefni 17. júní í dag. Veðurstofan gerir ráð fyrir skýjuðu en mildu veðri með hita á bilinu 12-14 stig á höfuðborgarsvæðinu.**

Að venju er hátíðardagskrá þjóðhátíðardagsins fjölbreytt í miðborginni í dag. Á Austurvelli flytur forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hátíðarræðu og forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, leggur blómsveig frá íslensku þjóðinni að minnisvarða Jóns Sigurðssonar klukkan 11.10.

Á Arnarhóli stíga meðal annars Solla stirða, Söngvaborg og Eurovision-farinn Eyþór Ingi á stokk á barnaskemmtun sem hefst 13.30. Seinna um daginn á sama sviði verða hljómsveitirnar Ojbarasta, Retro Stefson og Samúel Samúelsson Big Band. Hljómskálagarðurinn og Ingólfstorg munu iða af lífi í dag og skrúðgangan frá Hlemmi verður á sínum stað klukkan 13.

## Ávarp fjallkonunnar



Einn af föstum liðum í þjóðhátíðardagskránni er ávarp fjallkonunnar í athöfn á Austurvelli sem hefst 11.10. Fjallkonan er tákngervingur Íslands og hana túlkar leikkona sem klæðist skautbúningi í eigu Árbæjarsafns. Mikil leynd hvílir yfir hver túlkar fjallkonuna ár hvert en í fyrra var það leikkonan Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir. Fjallkonan hefur flutt fjallkonuljóð á þjóðhátíðardaginn síðan árið 1944.




**SVÆÐIÐ** Skipulagt hátíðasvæði er Kvosin, þar á meðal Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður og Reykjavíkurhöfn. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði.

Landsvirkjun

Áttu leið um Fljótsdal?

Ef þú átt leið um Fljótsdal í sumar er upplagt að koma við í gestastofunni í Végarði og kynnast Fljótsdalsstöð, stærstu vatnsaflsstöð landsins. Þar er heitt á könnunni alla daga í sumar og boðið upp á leiðsögn við Kárahnjúkastíflu og Hálslón, vatnsmesta lón landsins.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar 10–17 alla daga í allt sumar:

Búrfellsstöð
Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu
Kröflustöð
Jarðvarmasýning í gestastofu

Fljótsdalsstöð
Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka
*Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is/heimsoknir*

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

# Pína og peningar

Bíó
★★★☆☆

**Pain & Gain**
Leikstjóri: Michael Bay
Leikarar: Mark Wahlberg, Dwayne Johnson, Anthony Mackie, Tony Shalhoub.

Transformers-kempan Michael Bay fer hér tímabundið úr vélmennum í vöðvatröll og segir okkur söguna af því þegar hópur vaxtarræktarmanna í Miami píndi aleiguna af auðmanni einum á tíunda áratugnum. Sagan er sem sé sönn, eða í það minnsta byggð á sönnum atburðum.

Þetta sorglega sakamál er framreitt á kolsvartan máta og það gerir Bay ágætlega. Í upphafi virðast tröllin vinaleg en frekar vitlaus. Gamanið kárnar þó þegar á líður og reynast mennirnir vera hin mestu dusilmenni. Ofbeldið er yfirgengilegt og smám saman fer áhorfandinn að óska þess að hetjunum verði stungið í grjótið sem fyrst og sem lengst.

Helsti styrkur myndarinnar er leikhópurinn, en þremenningarnir Wahlberg, Johnson og Mackie eru allir frábærir í sínum hlutverkum. Veikleiki hennar er lengdin, en sagan er ekki það bitastæð að hún þurfi meira en tvær klukkustundir til að vera sögð.

Þá er húmorinn stundum á kostnað minnihlutahópa og konurnar eru hafðar aðeins til skrauts. Það er eflaust hluti af kúltúr durtanna sem myndin fjallar um en öfgamaðurinn Bay hefur ekki snefil af þeirri sjálfsstjórn sem þarf til að þannig grín verði ekki barnalegt og lummó. Pain & Gain er engu að síður kraftmikil og nokkuð skemmtileg að stærstum hluta. **Haukur Viðar Alfreðsson**

**NIÐURSTAÐA:** Kærkomin hvíld frá vélmennunum en mætti vera styttri og þéttari.





**MICHELLE WILLIAMS** Leikkonan er frábær móðir að mati fyrrverandi tengdaföður hennar.

# Staðið sig frábærlega

Faðir Heath Ledger hrósar Michelle Williams.

**Kim Ledger, faðir leikarans sáluga Heath Ledger, segir að tengdadóttir sín fyrrverandi Michelle Williams sé frábær móðir. Williams hefur alið afabarnið hans Matildu upp ein og telur Kim Ledger að hún hafi staðið sig eins og hetja.**

**„Hún er með augun hans pabba síns og er frekar hávaxin miðað við aldur. Hún er gullfallegt barn," sagði hann. „Michelle hefur staðið sig frábærlega. Hún verndar hana eins vel og hún getur. Hún kemur í veg fyrir að hún sjáist of mikið í fjölmiðlum og hefur sent hana í yndislegan skóla."**

# Syrgir enn föður sinn

Paris Jackson á ennþá erfitt með fráfall Jackson.

Paris Jackson er ekki enn búin að ná sér eftir fráfall föður síns, tónlistargoðsagnarinnar Michaels Jackson, sem lést árið 2009. Paris liggur á spítala eftir tilraun til sjálfsvígs í síðustu viku.

Heimildarmenn segja að ástæða þess að hún reyndi að fyrirfara sér sé einfaldlega sú að hún hafi aldrei náð sér almennilega eftir fráfall Michaels. Einnig segja þeir Paris hafa þróað með sér eins konar þráhyggju gagnvart neikvæðum athugasemdum sem birst hafa um Michael á slúðursíðum.



**ERFITT HJÁ JACKSON** Paris Jackson jafnar sig á sjúkrahúsi eftir sjálfsvígstilraun.







## Orkuforðinn okkar

Vatnsaflsstöðvar nota fallþunga vatns til að knýja hverfla sem vinna rafmagn. Úrkomu og leysingavatni af jöklum landsins er safnað í uppistöðulón, sem flest eru á hálendinu. Vatnsforðinn nær hámarki síðsumars og gerir kleift að vinna raforku jafnt og þétt allt árið.

*Vatnsmagn í miðlunarlónum er mælt í gígalítrum (milljörðum lítra).



# Barnaleikhús

**BAKÞANKAR**
Charlotte
Böving



Ég var á Grímuhátíðinni um daginn. Kvöldið var um margt vel lukkað, jafnvel þótt ég væri ekki alltaf sammála vali á verðlaunahöfum. En þessi pistill á ekki að fjalla um það. Hann á að fjalla um nokkuð sem ég hef mun meiri áhyggjur af: Flokkurinn um bestu barnasýningu ársins FÉLL NIÐUR í ár. Leikhúsin höfðu einfaldlega ekki sett á svið fleiri en tvær barnasýningar þetta leikárið. Báðar í Þjóðleikhúsinu – og alveg nýjar eru þær ekki, við þekkjum þær vel: Dýrin í Hálsaskógi og Karíus og Baktus. (Mary Poppins var ekki flokkuð sem barnasýning).

**ÞAÐ** voru hinsvegar heilar 62 fullorðinsfrumsýningar á leikárinu. Hvers vegna þetta ójafnvægi?

**ER** það vegna þess að það er enginn heiður – peningar – forvitni eða metnaður til þess að framleiða barnasýningar?

**ERU** leikhúsin mótfallin? Eru það listamennirnir: höfundar, leikstjórar, leikarar sem eru til vandræða? Er það ríkissjóður eða borgin sem ekki styðja barnamenningu í leikhúsunum? Eða eru það áhorfendur sem er vandamálið? Þora fullorðnir áhorfendur, sem fara með börn í leikhús, að velja ný verk og óreynd fyrir litlu dúllurnar sínar, eða eru þeir íhaldssamir og vilja bara endurtekningar? Vegna þess að það eru endursýningar sem stóru leikhúsin velja yfirleitt að setja á svið.

**MÉR** þykir vanta nýsköpun í barnaleiksýningum hér á landi. Leikhús fyrir börn sem leikur sér að formi og innihaldi. Leikhús sem speglar heim barnanna, eða ögrar sýn þeirra á heiminn og mannfólkið. Ævintýralegt og tilraunakennt leikhús fyrir börn. Það er til, en það er fyrirferðarlítið og sjaldgæft. Það er t.d. ekkert slíkt fyrir 10 – 11 – 12 – 13 – 14 – 15 – 16 – 17 – 18 ára börn (fyrir utan það sem þau setja sjálf á svið). Ekkert sem endurspeglar raunveruleika þeirra.

**SPLUNKUNÝ** barnaleiksýning lítur dagsins ljós í Kúlunni í september: Hættuför í Huliðsdal. Ég tengist þessari sýningu ekki neitt. Mér þykir bara frábært að það sé líka verið að skrifa ny leikrit fyrir börn.

**ÞAU** eru líka fólk...

# Fögur garðveisla Stellu

Fatahönnuðurinn Stella McCartney blés til árlegrar garðveislu sinnar á dögunum í New York, þar sem hún kynnti vorlínu sína fyrir 2014. Mikið var um dýrðir og stjörnurnar fjölmenntu til að berja fögur klæðin augum. Léttir samfestingar, kjólar og buxur úr silki, sem og fögur munstur, voru það sem McCartney hannar fyrir næsta vor og sumar. Klæðin myndu hins vegar sóma sér vel í sumartískunni í dag.



**BUXNADRAGT** Samstæð og sumarleg.

**STUTTBUXUR** Skemmtilegt og sumarlegt.



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Liv Tyler, Stella McCartney, Steven Tyler og Cameron Diaz stilla sér upp á mynd.



**STILLTU SÉR UPP** Fyrirsætur stilltu sér upp fyrir áhorfendur.
NORDICPHOTOS/GETTY





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 2:50 - 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| PAIN AND GAIN VIP | KL. 2:50 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| NOW YOU SEE ME | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 2:50 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 2:50 - 5:20 - 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 10:30 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 5:50 | 12 |
| EPIC ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| STAR TREK: INTO DARKNESS | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PAIN AND GAIN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 10:10 | 12 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP KL. 1 (TILBOÐ) | 3.15 - 5.25 - 8 - 10.35 | 7 |
| THE INTERNSHIP LÚXUS | KL. 2.50 - 5.25 - 8 - 10.35 | 7 |
| AFTER EARTH | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ) KL. 3.15 - 5.45 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 1 (TILBOÐ) KL. 3.15 - 5.50 | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK 3D | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| THE CROODS 2D ÍSL. TAL | KL. 1 (TILBOÐ) | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 (TILBOÐ) - 8 - 10.35 | 7 |
| AFTER EARTH | KL. 5.45 (TILBOÐ) - 8 - 10.15 | 12 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 6 (TILBOÐ) | L |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 (TILBOÐ) - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| FAST & FURIOUS 6 | KL. 5.40 | 12 |
| AFTER EARTH | KL. 8 - 10.20 | 12 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNSHIP | 2 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| AFTER EARTH | 8 | 10 |
| EPIC 2D | 2 - 5 | L |
| EPIC 3D | 2 - 5 | L |
| HANGOVER III | 8 - 10.10 | 12 |
| FAST & FURIOUS | 10.10 | 12 |







BÍÓ ★ PARADÍS *Heimili kvikmyndanna*
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

# 17. JÚNÍ
# BRENNÓ-MÓT SINALCO KLAMBRATÚNI




Náðu þér í Leikjabók SINALCO

Safnaðu í lið og skoraðu á vinina. Mótið hefst kl. 16.
Hellingur af Sinalco og sælgæti í verðlaun.

Skráning á Facebook-síðu Sinalco og á svæðinu.

## Sumarleikur SINALCO

Sláðu inn númerið í tappanum á Facebook-síðu SINALCO og þú kemst strax að því hvort þú hafir unnið.



lenovo SONY

- Lenovo fartölva
- Lenovo spjaldtölvur
- Sony myndavélar
- Sony Xperia Tipo símar
- Sony heyrnartól
- 500 Sinalco kippur
- 500 Góu gjafaöskjur
- 500 vinningar frá KFC og Taco Bell




Fylgstu með á Facebook.com/sinalcoisland

Mundu að kíkja í tappann!






## Allt eftir bókinni

**FÓTBOLTI** KR-ingar eru enn taplausir eftir 4-2 sigur á Skagamönnum í Vesturbænum í gærkvöldi. FH-ingar fylgja KR eins og skugginn eftir stórsigur á nýliðum Víkings í Ólafsvík. Hinir nýliðarnir, Þórsarar, fengu að kenna á Hólmberti Aroni Friðjónssyni og félögum í Fram í stóru tapi.

Mesta spennan var í Árbæ og Garðabæ. Nicholas Rohde tryggði Blikum 1-0 sigur á Fylkismönnum og Veigar Páll Gunnarsson skoraði eina markið í sigri Stjörnunnar á Keflavík.

Deildin heldur því áfram að skiptast í tvennt. Toppliðin vinna og botnliðin tapa. - ktd



**STAL SENUNNI** Hólmbert Aron Friðjónsson skoraði þrennu í 4-1 sigri Fram á Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## PEPSI DEILDIN 2013

STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 7 | 6 | 1 | 0 | 18:6 | 19 |
| FH | 7 | 5 | 1 | 1 | 15:6 | 16 |
| Stjarnan | 7 | 5 | 1 | 1 | 11:6 | 16 |
| Valur | 6 | 4 | 2 | 0 | 16:7 | 14 |
| Breiðablik | 7 | 4 | 1 | 2 | 13:8 | 13 |
| ÍBV | 6 | 3 | 2 | 1 | 9:5 | 11 |
| Fram | 7 | 3 | 2 | 2 | 10:8 | 11 |
| Þór | 7 | 2 | 0 | 5 | 10:20 | 6 |
| Keflavík | 7 | 1 | 1 | 5 | 7:14 | 4 |
| ÍA | 7 | 1 | 0 | 6 | 7:17 | 3 |
| Fylkir | 7 | 0 | 2 | 5 | 6:14 | 2 |
| Víkingur Ó. | 7 | 0 | 1 | 6 | 4:15 | 1 |

7. umferðinni lýkur á þriðjdagskvöldið þegar Valur tekur á móti ÍBV á Hlíðarenda.




**KVADDUR** Ólafur fékk flugferð frá félögum sínum í landsliðinu í leikslok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Kvaddi með tilþrifum

Ólafur Stefánsson spilaði í síðasta skipti með karlalandsliði Íslands þegar liðið vann tíu marka sigur á Rúmenum í gær. Íslendingar troðfylltu Laugardalshöllina og sýndu einum dáðasta íþróttamanni Íslands fyrr og síðar þakklæti sitt.

**HANDBOLTI** Rétt um tveggja áratuga landsliðsferli Ólafs Stefánssonar lauk í Laugardalshöllinni í gær, eftir hans 330. landsleik. Andstæðingurinn var Rúmenía og eftir nokkuð erfiða fæðingu tókst strákunum að innbyrða sigur, 37-27, og tryggja þar með efsta sæti síns riðils í undankeppni EM 2014.

Dagurinn var þó fyrst og fremst hátíð fyrir Ólaf Stefánsson og framlag hans til handknattleiksíþróttarinnar á Íslandi. Áhorfendur í troðfullri Laugardalshöll komu til að sjá Ólaf leika listir sínar í landsliðstreyjunni í lokaskiptið.

Þessir áhorfendur fengu ósk sína uppfyllta því Ólafur lék á als oddi í gær. Hann skoraði átta falleg mörk og gaf níu stórkostlegar stoðsendingar, sem hafa verið aðalsmerki hans í gegnum tíðina. En það voru líka mistök. „Nei!“ hrópuðu áhorfendur allir í kór þegar Ólafur, sem var einn gegn rúmenska markverðinum eftir glæsilega sendingu Guðjóns Vals, lét verja frá sér í galopnu færi.

En þannig á þetta líka að vera. Íslenska landsliðið hefur aldrei farið auðveldu leiðina og gerði það heldur ekki í gær.

Til dæmis á 40. mínútu. Þá virtist íslenska landsliðið loksins hafa náð sterkum tökum á leiknum. Það var tveimur mörkum yfir og Rúmenar misstu mann af velli. En þrír tapaðir boltar á sömu mínútunni kostuðu þrjú mörk rúmenska liðsins, sem komst aftur yfir. Aron tók þá leikhlé og náði að róa leik íslenska liðsins. Svar strákanna var sex mörk í röð og létu þeir forystuna aldrei af hendi eftir það.

„Mér líður ótrúlega vel,“ sagði Ólafur við blaðamenn eftir leik. „Ég náði að spila vel og leikurinn var miklu skemmtilegri en hinn fyrir tíu mánuðum [gegn Ungverjum á ÓL]. Ég náði að enda þetta í réttum „fíling“ og það skiptir öllu máli.“

Ólafur talaði af hógværð eins og ávallt og sagði móttökur áhorfenda hafa verið yndislegar. „Svo er bara sautjándi júní á morgun og þetta er bara gaman,“ sagði hann, en Ólafi var fagnað ótt og títt. Það náði hámarki þegar hann fór af velli í hinsta sinn, þegar 44 sekúndur voru eftir. Ferlinum var lokið en Ólafur staðfesti eftir leik að hann myndi ekki spila með Val í N1-deild karla á næstu leiktíð.

Undirritaður mun minnast þessa leiks fyrir það hversu vel Ólafur spilaði. Hann var algjörlega frábær á alla kanta. Hann tók ekki þátt í leiknum sem farþegi og stjarna í sýningu sem var tileinkuð honum. Hann var einfaldlega maður leiksins – eins og svo margoft áður – og sýndi að enn þann dag í dag er hann meðal allra bestu handboltamanna heims.

Ótrúlegu tímabili í íslenskum handknattleik er lokið og stendur þjóðin í þakkarskuld við Ólaf Stefánsson. eirikur@frettabladid.is

**4-2**

**KR-völlurinn**
1615 áhorfendur
**Gunnar Jarl Jónsson (7)**

**Mörkin:** 0-1 Andri Adolphsson (27.), 1-1 Gunnar Þór Gunnarsson (60.), Kjartan Henry Finnbogason (64.), 3-1 Gary Martin (69.), 4-1 Óskar Örn Hauksson, 4-2 Jón Vilhelm Ákason (92.)

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórs. 6 - Haukur H. Hauks. 7, Grétar S. Sigurðsson 6, Gunnar Þór Gunnars. 5, Guðmundur R. Gunnars. 7 - Bjarni Guðjónsson 6, Jónas G. Sævarsson 6 (56. Brynjar Björn Gunnars. 7), Gary Martin 6 (73. Þorsteinn Már Ragnars. 6) Atli Sigurjóns. 8, ***Óskar Örn Hauks. 8**, Emil Atlas. 6 (61. Kjartan Finnbogas. 7).

**ÍA (4-3-3):** Árni Snær Ólafsson 5 - Arnar Guðjónsson 5, Jóhannes Karl Guðjóns. 5, Kári Ársæls. 5, Einar L. Einarsson 5 - Maksims Rafalskis 4, Hallur Flosa. 5, (78. Aron Pétursson -) Jón Vilhelm Áka. 6 - Theodore Furness 5 , Andri Adolphsson 6, Garðar B. Gunnlaugsson 6 (60. Eggert Kári Karls. 5).

**Skot (á mark):** 21-8 (13-6) Horn: 7-7

**Varin skot:** Hannes Þór 3 - Árni Snær 9

**Aukaspyrnur:** 12-10

**0-1**

**Lautin**
855 áhorfendur
**Guðmundur Ársæll (7)**

**Mörkin:** 0-1 Nichlas Rohde (80.)

**Fylkir (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Andri Þór Jónsson 7, Sverrir Garðarsson 6, Finnur Ólafsson 6, Tómas Þorsteinsson 6 - Davíð Þór Ásbjörnsson 7, Elís Rafn Björnsson 6, Ásgeir Örn Arnþórsson 5 (75. Heiðar Geir Júlíusson -) - Andrés Már Jóhannesson 5 (60. Tryggvi Guðmundsson 5), Kristján Páll Jónsson 4 (83. Hákon Ingi Jónsson -), Viðar Örn Kjartansson 4.

**Breiðablik (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 5 - Tómas Óli Garðarsson 6 (68. Þórður Steinar Hreiðarsson 5), Sverrir Ingi Ingason 7, Renee Troost 7 (60. Nichlas Rohde 7), Kristinn Jónsson 7- ***Andri Rafn Yeoman 7**, Finnur Orri Margeirsson 6, Guðjón Pétur Lýðsson 5 - Ellert Hreinsson 4, Elfar Árni Aðalsteinsson 5, Árni Vilhjálmsson 4 (75. Atli Fannar Jónsson -).

**Skot (á mark):** 7-8 (1-3) Horn: 3-7

**Varin skot:** Bjarni Þórður 2 - Gunnleifur 1

**Aukaspyrnur:** 9-18

**1-0**

**Samsung-völlur**
793 áhorfendur
**Kristinn Jakobsson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Ólafur Karl Finsen (29.)

**Stjarnan (4-4-2):** Ingvar Jónsson 5 - Jóhann Laxdal 5, Daníel Laxdal 6, Martin Rauschenberg 6, Robert Sandnes 5 - ***Ólafur Karl Finsen 7**, Atli Jóhannsson 6, Michael Præst 6, Halldór Orri Björnsson 6 - Veigar Páll Gunnarsson 5 (70. Gunnar Örn Jónsson 5), Garðar Jóhannsson 5.

**Keflavík (4-3-3):** David Preece 5 - Haraldur Freyr Guðmundsson 7, Halldór Kristinn Halldórsson 5, Benis Krasniqi 4, Grétar Atli Grétarsson 5 - Frans Elvarsson 6, Andri Fannar Freysson 5, Arnór Ingvi Traustason 5 (65. Jóhann Birnir Guðmundsson 6), - Bojan Stefán Ljubicic 6 (65. Marjan Jugovic 5) Sigurbergur Elísson 5, Hörður Sveinsson 5.

**Skot (á mark):** 12-12 (3-3) Horn: 1-3

**Varin skot:** Ingvar 3 - Preece 2

**Aukaspyrnur:** 8-9



**TEKIST Á** Ramune Pekarskyte skoraði flest mörk Íslands í gær. Hér er hún í strangri gæslu Ólympíumeistara frá Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Erfitt að fylgja velgengni eftir

## Þórir Hergeirsson segir íslenska landsliðið þurfa að trúa á vinnu sína.

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta stóð í heims- og Ólympíumeisturum Noregs í vináttuleik í Laugardal í gær. Noregur vann tveggja marka sigur.

Þó að Ísland hafi leikið mjög vel í leiknum á liðið nokkuð í land til að komast á stall með bestu liðum heims. Þórir Hergeirsson, þjálfari Noregs, segir mikilvægt fyrir Ísland að halda áfram og gefast ekki upp þó að liðið hafi tapað fyrir Tékklandi og misst af sæti á heimsmeistaramótinu í Serbíu.

„Það er erfitt að fylgja því eftir þegar vel gengur eins og á HM í Brasilíu og það kemur oft bakslag. Þessu fylgir mikið meiri vinna og það þarf að trúa á það sem er verið að gera. Þá þarf oft að fínstilla ýmsa smá hluti,“ sagði Þórir.

Hrafnhildur Skúladóttir, fyrirliði íslenska landsliðsins, segir að það þurfi fyrst og fremst að auka hraðann í leik sínum.

„Nútíma handbolti snýst um það að keyra hraðan bolta og skora þessi auðveldu mörk. Það þarf að hlaupa, hlaupa, hlaupa. Við þurfum að koma okkur í þann gír. Hraðinn er búinn að yfirvinna styrk í þessari íþrótt í dag,“ sagði Hrafnhildur í leikslok. Líkamlegur styrkur skipti minna máli í dag. - gmi

**ÍSLAND - NOREGUR 26-28 (15-13)**

**Mörk Íslands(skot):** Ramune Pekarskyte 6, Arna Sif Pálsdóttir 3, Ásta Birna Gunnarsdóttir 3, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 3/1, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Þórey Rósa Stefánsdóttir 2, Steinunn Björnsdóttir 1, Rakel Dögg Bragadóttir 1, Hildigunnar Einarsdóttir 1, Brynja Magnúsdóttir 1.

**Varin skot:** Sunneva Einarsdóttir 5/1 (31%), Dröfn Haraldsdóttir 4 (19%).

**4-1**

**Laugardalsv.**
642 áhorfendur
**Valgeir Valgeirsson (6)**

**Mörkin:** 1-0 Hólmbert Aron Friðjónsson (21.), 2-0 Steven Lennon (30.), 2-1 Mark Tubæk (48.) 3-0 Hólmbert Aron Friðjónsson (50.), 4-0 Hólmbert Aron Friðjónsson (78.)

**Fram (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 7 Alan Lowing 6, Ólafur Örn Bjarnason 6, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 6, Jordan Halsman 7 - Halldór Hermann Jónsson 6, Samuel Hewson 7, Viktor Bjarki Arnarsson 6 (66. Haukur Baldvinsson 5), - ***Hólmbert Aron Friðjónsson 9** (82. Aron Þórður Albertsson -), Almarr Ormarsson 6 (63. Kristinn Ingi Halldórsson 5), Steven Lennon 7.

**Þór (4-5-1):** Srdjan Rajkovic 4 - Ármann Pétur Ævarsson 4, Janez Vrenko 4, Hlynur Atli Magnússon 3, Ingi Freyr Hilmarsson 3 - Jóhann Helgi Hannesson 4, Edin Besilja 4 (82. Sveinn Elías Jónsson-), Orri Freyr Hjaltalín 4, Mark Tubæk 6, Jóhann Þórhallsson 5 - Chukwudi Chijindu 4.

**Skot (á mark):** 10-11 (8-4) Horn: 4-4

**Varin skot:** Ögmundur 3 - Rajkovic 4

**Aukaspyrnur:** 8-11

**0-4**

**Ólafsvíkurvöllur**
700 áhorfendur
**Örvar Sær Gíslason (7)**

**Mörkin:** 0-1 Freyr Bjarnason (5.), 0-2 Sjálfsmark (35.), 0-3 Guðmann Þórisson (51.), 0-4 Atli Viðar Björnsson (77.)

**Víkingur (5-3-2):** Einar Hjörleifsson 5 - Alfreð Már Hjaltalín 6 (78. Steinar Már Ragnarsson -), Damir Muminovic 3, Tomasz Luba 4 , Insa Bohigues Fransisco 4, Brynjar Kristmundsson 5, - Björn Pálsson 3 (78. Fannar Hilmarsson -), Farid Zato 4, Eldar Masic 4, - Arnar Már Björgvinsson 5 (85. Vignir Snær Stefánsson -), Guðmundur Magnússon 5

**FH (4-3-3):** Daði Lárusson 6 - Guðjón Árni Antoníusson 6 , Freyr Bjarnason 7 , ***Guðmann Þórisson 8**, Sam Tillen 7 (75. Pétur Viðarsson -) - Brynjar Ásgeir Guðmundsson 6, Björn Daníel Sverrisson 7, Dominic Furness 5 - Ólafur Páll Snorrason 7 (80. Ingimundur Níels Óskarsson -), Atli Guðnason 7, Atli Viðar Björnsson 6 (82. Albert Brynjar Ingason -)

**Skot (á mark):** 4-8 (2-5) Horn: 3-6

**Varin skot:** Einar 2 - Daði 2

**Aukaspyrnur:** 9-6






# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 19.45
### Kingdom of Plants



Magnaður heimildarþáttur með David Attenborough og í þetta sinn eru það plönturnar sem fá athygli hans. Þættirnir voru teknir á heilu ári hinum sögufrægu Kew-görðum í London. Mögnuð upptökutækni gerir áhorfandanum kleift að fylgjast með aðlögun, uppvexti og ferli plantna af öllum stærðum og gerðum.



### Glee
**STÖÐ 2 KL. 20.35** Krakkarnir í sönghópnum Glee halda áfram að syngja um lífið og tilveruna. Í hverjum þætti er nýtt þema tekið fyrir og lög þekktra listamanna klædd í nýjan búning.

**TV.COM** 8,3 **IMDb** 6,9



### Cold Case
**STÖÐ 2 GULL KL. 2** Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu og hefur þar verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem aldrei hafa verið leyst og þarf að beita kænsku og klókindum við lausn þeirra.

**TV.COM** 8,7 **IMDb** 7,2



### Everybody Loves Raymond
**SKJÁR 1 KL. 19.30** Íþróttafréttaritarinn Ray Barone á fullt í fangi með að halda fjölskyldu sinni góðri. Skjár 1 endursýnir þessa stórskemmtilegu gamanþætti.

**TV.COM** 8,6 **IMDb** 7,0

### Rás 1 kl. 13
### Strákur úr Keflavík



Viðar Eggertsson fjallar um Gunnar Eyjólfsson leikara. Hann fer yfir líf hans og list, en Gunnar hlaut heiðursverðlaun Grímunnar í síðustu viku.


FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM



# Sundföt

**Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa**

**Sundbolir**
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 4.990 kr.**

Allt að 60%

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

**Bikiní**
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 1.990 kr.**

Allt að 75%

Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr**

**Sundskýlur**
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Allt að 40%

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

**Watershorts**
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Allt að 55%

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6 113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**13.10 Malcolm in the Middle** (3:22)
**13.35 Falcon Crest** (4:28)
**14.20 Wipeout**
**15.05 American Idol** (15:37)
**16.25 ET Weekend**
**17.13 Ellen** (167:170)
**17.58 Simpson-fjölskyldan** (16:21)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 The Big Bang Theory** (22:23)
**19.20 Modern Family**
**19.45 Kingdom of Plants** Magnaður heimildarþáttur með David Attenborough og í þetta sinn eru það plönturnar sem fá athygli hans. Þættirnir voru teknir á heilu ári hinum sögufrægu Kew-görðum í London. Mögnuð upptökutækni gerir áhorfandanum kleift að fylgjast með aðlögun, uppvexti og ferli plantna af öllum stærðum og gerðum.
**20.35 Glee** (22:22) Fjórða þáttaröðin um metnaðarfulla kennara og nemendur í menntaskóla sem skipa sönghóp skólans og leggja allt í sölurnar til að gera flottar sýningar.
**21.20 Suits** (11:16) Önnur þáttaröðin um hinn eitursnalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lifibrauð sitt af því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Lögfræðingurinn harðvíraði Harvey Specter kemur auga á kosti kauða og útvegar honum vinnu á lögfræðistofunni.
**22.05 Boss** (1:10) Önnur þáttaröðin með Kelsey Grammer í hlutverki borgarstjóra Chicago sem svífst einskis til að halda völdum en hann á marga óvini sem eru ávallt tilbúnir að koma höggi á hann.
**23.05 Köld slóð** Íslenskur spennutryllir af bestu gerð um blaðamanninn Baldur sem fær til rannsóknar dularfullt andlát starfsmanns virkjunar úti á landi sem reynist hafa verið faðir hans.
**00.40 The Big Bang Theory** (2:24)
**01.05 Mike & Molly** (12:23)
**01.25 Two and a Half Men** (20:23)
**01.50 White Collar** (12:16)
**02.35 Weeds** (9:13)
**03.05 Undercovers** (3:13)
**03.45 Suits** (11:16)
**04.30 Kingdom of Plants**
**05.15 ET Weekend**
**05.55 The Big Bang Theory** (22:23)

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** (13:24)
**19.25 Two and a Half Men** (10:24)
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.10 Holidate** (1:10)
**20.55 The Lying Game** (19:20)
**21.40 Hart of Dixie** (7:22)
**22.25 Holidate** (1:10)
**23.10 The Lying Game** (19:20)
**23.55 Hart of Dixie** (7:22)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Golf fyrir alla **21.00** Eldhús meistaranna **21.30** Suðurnesjamagasín

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin 2013**
**08.15 Pepsi mörkin 2013**
**15.20 Þýski handboltinn: Göppingen - RN Löwen**
**16.55 Stjarnan - Keflavík**
**18.45 Pepsi mörkin 2013**
**20.00 San Antonio - Miami**
**21.50 Spænski boltinn: Barcelona - Real Madrid**
**23.30 Þýski handboltinn: Magdeburg - Hamburg**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Man. Utd. - Chelsea**
**19.30 Premier League World 2012/13**
**20.00 Leikmaðurinn: Eiður Smári Guðjohnsen** Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórliðin. Í þessum þætti ræðir hann við leikmenn sem hafa tekið þátt í baráttunni í þessari sterkustu deild í heimi.
**20.40 Sunderland - Chelsea**
**22.25 Leikmaðurinn: Eiður Smári Guðjohnsen**
**23.05 PL Classic Matches: Chelsea - Sunderland (1996)**
**23.35 Stoke - Chelsea**

## krakkar

**11.10** Ofuröndin **11.35** Sorry I've Got No Head **12.05** iCarly **12.25** Njósnaskólinn **12.50** Victourious **13.10** Big Time Rush **13.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.55** Lalli **14.00** Lalli **14.05** Refurinn Pablo **14.35** Svampur Sveinsson **14.55** Dóra könnuður **15.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.40** Áfram Diego, áfram! **16.05** Lína langsokkur **16.30** Strumparnir **16.55** Waybuloo **17.15** Brunabílarnir **17.40** Histeria! **18.00** Ofuröndin **18.25** iCarly **19.10** Victourious **19.35** Big Time Rush

## GULL

**20.00 Sjálfstætt fólk**
**20.25 Matarást með Rikku** (5:10)
**20.55 The Practice** (8:21)
**21.40 Cold Case** (7:24)
**22.25 Breaking Bad**
**23.15 Breaking Bad**
**00.05 Sjálfstætt fólk**
**00.30 Matarást með Rikku** (5:10)
**01.00 Cold Case** (7:24)
**01.45 The Practice** (8:21)
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**11.30 Scott Pilgrim vs. The World**
**13.20 Mr. Popper's Penguins**
**14.55 Love and Other Drugs**
**16.45 Scott Pilgrim vs. The World**
**18.35 Mr. Popper's Penguins**
**20.10 Love and Other Drugs**
**22.00 Sumarlandið**
**23.25 Crank: High Voltage**
**01.00 One Shot**
**02.15 Sumarlandið**

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.40 Hátíðarstund á Austurvelli** BEINT frá Austurvelli í Reykjavík þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flytur ávarp.
**11.30 Davíð Stefánsson frá Fagraskógi**
**12.30 Íslandsklukkan** *(2:2)*
**13.30 Útsvar** *(Reykjavík - Snæfellsbær)*
**14.35 Bjartar vonir vakna**
**15.30 Karlakórinn Prestir** *(1:2)*
**16.45 Hljómsveit kvöldsins**
**17.20 Fæturnir á Fanneyju** *(23:39) (Franny's Feet II)*
**17.32 Spurt og sprellað** *(40:52) (Buzz and Tell)*
**17.38 Töfrahnötturinn** *(30:52) (Magic Planet)*
**17.51 Angelo ræður** *(24:78) (Angelo Rules)*
**17.59 Kapteinn Karl** *(24:26) (Commander Clark)*
**18.12 Grettir** *(24:54) (Garfield Shorts)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Svona er ástin** *(2:3) (Sådan er kærligheden: I medgang og modgang)*
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Ávarp forsætisráðherra** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flytur ávarp.
**19.45 Með allt á hreinu** Söngva- og gamanmynd um hljómsveitirnar Stuðmenn og Gærurnar.
**21.20 Heima** Tónleikamynd með Sigur Rós frá 2006.
**23.00 Íslendingar: Sigfús Halldórsson** *(e)*
**00.00 Leyndardómur hússins** *(3:5) (Marchlands) (e)*
**00.45 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**10.20 America's Funniest Home Videos** *(32:48)*
**10.45 Everybody Loves Raymond** *(17:25)*
**11.10 Cheers** *(22:22)*
**11.35 Dr. Phil**
**12.20 A Guy Thing**
**14.05 Undercover Blues**
**16.00 The Good Wife** *(13:23)*
**16.45 Judging Amy** *(17:24)*
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Top Gear USA** *(16:16)*
**19.05 America's Funniest Home Videos** *(33:48)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(18:25)*
**19.55 Cheers** *(1:22)*
**20.20 Parenthood** *(11:18)*
**21.10 Hawaii Five-0** *(17:24)*
**22.00 NYC 22** *(2:13)*
**22.45 CSI: New York** *(10:22)*
**23.25 Law & Order** *(8:18)*
**00.15 Shedding for the Wedding** *(7:8)*
**01.05 Hawaii Five-0** *(17:24)*
**01.55 NYC 22** *(2:13)*
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.05** US Open **2013** *(4:4)* **11.35** Inside the PGA Tour *(24:47)* **12.00** US Open **2013** *(4:4)* **17.30** US Open **2000** - Official Film **18.30** US Open **2013** *(4:4)* **01.00** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

Coca-Cola®

Gleðilegan þjóðhátíðardag

Njóttu

Coke® með...




Opnaðu hamingju #njottuCoke

Coca-Cola, the Contour Bottle and the Dynamic Ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company

## MÁNUDAGSLAGIÐ



**„Bresk tónlist er í miklu uppáhaldi. Mánudagslögin mín eru Heroes með David Bowie, Pictures of You með The Cure og Wild Horses með Rolling Stones.“**

Díana Bjarnadóttir, stílisti og útlitsráðgjafi.

# Endurkoma Love Gúrú á tíu ára afmælinu

Nýja lagið Phatbull fékk ekki spilun á FM957 en það verður endurskoðað.

„Mig langaði að vera með eins konar endurkomu á tíu ára afmælinu,“ segir útvarpsmaðurinn Þórður Helgi Þórðarson, betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Love Gúrú Iceland. Hann sneri aftur eftir margra ára fjarveru á sviðinu fyrr á árinu.

Þórður hefur verið að spila á ýmsum uppákomum og böllum um landið upp á síðkastið, nú síðast helgina 7.-9. júní er hann kom fram á Kótelettunni á Selfossi við gríðarleg fagnaðarlæti að eigin sögn. „Ég kom fram á eftir Páli Óskari og var svona smávegis búinn að kvíða því en fólkið var alveg tryllt af gleði, það er nú ekki hver sem er sem fer í nærbuxurnar hans.“

Þórður gaf út lagið Phatbull og nýtt myndband þar sem sextugur faðir hans var í aðalhlutverki. Lagið komst hins vegar ekki inn á vinsældalista Rásar 2 og fékk litla sem enga spilun hjá FM957. Tónlistarmaðurinn segir reyndar að FM957 hafi neitað að spila lagið hans en Heiðar Austmann, dagskrárstjóri útvarpsstöðvarinnar, segir að lagið hafi einfaldlega gleymst innan um alla lagaflóruna þar sem Love Gúrú hafi ekki verið duglegur á minna á sig.

„Við reynum að þjónusta íslenska tónlistarmenn eftir bestu getu og við biðjum Love Gúrú afsökunar á því ef honum finnst hafa verið vegið að sér og við erum alveg til í að endurskoða það að spila lagið hans,“ segir Heiðar Austmann.

- mmm



**HLJÓÐLÁT ENDURKOMA** Love Gúru er með endurkomu á tíu ára afmælinu sínu.



**MEÐ SIMMONS** Þráinn Árni Baldvinsson með Gene Simmons, bassaleikara Kiss.

# Stórkostlegt að hitta Gene Simmons

Þráinn Árni Baldvinsson úr Skálmöld hitti bassaleikara Kiss fyrir tónleika í Kaupmannahöfn.

Þráinn Árni Baldvinsson, gítarleikari Skálmaldar og Kiss-aðdáandi, hitti Gene Simmons, bassaleikara Kiss, og aðra meðlimi rokksveitarinnar fyrir tónleika hennar í Kaupmannahöfn á þriðjudagskvöld.

Aðdáendaklúbbur Kiss á Íslandi skipulagði hópferð á tónleikana.

„Þetta var stórkostlegt,“ segir Þráinn Árni um fundinn með Simmons. „Gene talaði fallega um land og þjóð og gaf sér góðan tíma til að spjalla og að sjálfsögðu krota á plötur fyrir mig. Það er auðvitað frábært að fá að hitta svona meistara. Hann var í miklu stuði og lék á als oddi,“ segir Þráinn, sem var að hitta Simmons í annað sinn. „Gene er maðurinn sem maður var pínu smeykur við í „denn“ og sögurnar sem maður heyrði um hann voru rosalegar en flestallar auðvitað ósannar. Svo er þetta bara hinn mesti öðlingur.“

➜ Þráinn Árni er meðlimur Kiss-heiðurshljómsveitarinnar Meik.

Aðspurður segist Þráinn hafa skemmt sér frábærlega á sínum sjöttu Kiss-tónleikum á ævinni. „Að sjá Kiss er alltaf stórfenglegt. Lögin eru auðvitað meiriháttar og svo spara þeir ekkert þegar kemur að sprengingum, ljósasýningu og sviðsbúnaði. Þetta er flottasta tónleikabandið.“

- fb

# Skemmtileg dínamík á milli systranna

Valgeir Sigurðsson er nýkominn heim úr tónleikaferð með CocoRosie.

Tónlistarmaðurinn Valgeir Sigurðsson hjá útgáfunni Bedroom Community er nýkominn heim úr tónleikaferðalagi um Evrópu og Norður-Ameríku.

Bæði hefur hann verið að kynna sína þriðju plötu, Architechture of Loss, og einnig að spila með og hita upp fyrir bandarísku hljómsveitina CocoRosie. Hún vakti athygli tónlistarunnenda með annarri plötu sinni Noah´s Ark árið 2005 og hefur verið dugleg að spila á tónleikum víða um heim undanfarin ár. Valgeir segir gaman að vinna með þeim Bianca „Coco“ og Sierra „Rosie“ Casady úr CocoRosie. „Þær eru mjög ólíkar systurnar en það er mjög skemmtileg dínamík á milli þeirra,“ segir hann. Valgeir var upptökustjóri nýjustu plötu þessarar krúttlegu systkinasveitar, Tales of a Grass Widow, en hann tók einnig upp plötu hennar The Adventures of Ghosthorse and Stillborn sem kom út 2007.

Valgeir er á Íslandi fram á haust og spilar lítið sem ekkert í sumar, nema á hátíðinni All Tomorrow´s Parties í Keflavík. Í staðinn notar hann tímann til að semja nýja tónlist og aðstoða við upptökur á nýrri plötu Daníels Bjarnasonar, félaga hans hjá Bedroom Community. Einnig býst hann við því að gestkvæmt verði í hljóðveri Bedroom Community í sumar.

Nýlega kom út tvöfaldur mynddiskur frá útgáfufyrirtækinu. Þar er að finna heimildarmyndina Everything Everywhere All the Time, sem fjallar um fyrirtækið, og einnig tónleikamyndina The Whale Watching Tour. „Þetta hefur fengið frábærar undirtektir,“ segir Valgeir, spurður út í diskinn. „Þetta er skemmtileg innsýn inn í Bedroom Community og er dálítið skemmtileg heimild fyrir okkur líka.“

freyr@frettabladid.is



**VIRTUR UPPTÖKUSTJÓRI** Valgeir Sigurðsson er nýkominn heim úr tónleikaferð með hljómsveitinni CocoRosie. MYND/SAMANTHA

## Unnið með Feist og Bonnie „Prince“ Billy

Auk CocoRosie hefur Valgeir Sigurðsson starfað með flytjendum á borð við Bonnie „Prince“ Billy, Múm, Megasi, Björk, Ben Frost, Kate Nash, The Magic Numbers og Feist á upptökuferli sínum.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is



FRÁ ÞINGVÖLLUM

**S L Á T U R F É L A G   S U Ð U R L A N D S**

FRÁ Reykjavík  NR. 575.6000  58/8 ORÐ 317  20 13  KL. 09.36

Kæri vinur!

Manstu þegar þessi mynd var tekin af okkur á Þingvöllum 1944?

Veðrið var indælt. Við sátum í grasinu með SS pylsur og nutum lífsins.

Nú langar mig til að rifja upp góðar stundir og slá upp annarri veislu og bjóða þér.

Er ekki kominn tími á okkur?

Framtíðin er nefnilega björt, þrátt fyrir allt.

Lifum glöð.

SS

Íslendingar borða SS pylsur

Fíton / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### „Gerðu þetta almennilega“

Óvæntur spuni Atla Rafns Sigurðarsonar í hlutverki Páls á sýningu á Englum alheimsins á laugardagskvöldið setti samleikkonu hans, Sólveigu Arnarsdóttur, í vandræðalega stöðu.

Í miðju dramatísku atriði þar sem Sólveig, í hlutverki móður Páls, var að segja frá draumi sínum hnippti Atli Rafn í öxlina á henni og hreytti út úr sér: „Reyndu að gera þetta almennilega, manneskja. Þú varst tilnefnd til Grímuverðlauna fyrir þetta hlutverk.“

Sólveig átti greinilega ekki von á þessari uppákomu, missti þráðinn og fékk heiftarlegt hláturskast. Náði sér þó fljótlega og hélt áfram þar sem frá var horfið, en áhorfendur fögnuðu þessu tiltæki Atla Rafns ákaft. **- fsb**



### Í fríi í Cannes

Alþingismaðurinn Steingrímur J. Sigfússon slappaði af eftir kosningarnar í Cannes í Suður-Frakklandi. Steingrímur var þó ekki á kvikmyndahátíðinni sem gjarnan er kennd við borgina heldur var hann að heimsækja son sinn, Sigfús Steingrímsson, og kærustu hans. Þau sjá um að reka hótel í Cannes, þar sem Steingrímur hefur eflaust getað hlaðið batteríin eftir kosningahasarinn í vor. **- áp**



### Mest lesið VÍSIR

1 „Stenst ekki bókstaf íslenskra laga“
2 „Áður en ég tók þátt var ég alls ekki viss““
3 „Hef aldrei upplifað neinn viðbjóð í kringum hanaat“
4 Mannsins er enn leitað
5 Tossinn sem varð prófessor


„... óendanlega skemmtileg lesning.“

UNNUR EGGERTS, SÖNG- OG LEIKKONA



www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu



WOW

FLUGFÉLAG **FÓLKSINS**

BÓKAÐU Á ÞESSU VERÐI Í DAG OG Á MORGUN

JÍBBÍ JEI

LONDON

PARÍS & KÖBEN

Á BETRA VERÐI

FRÁ

10.900 KR.

Flug aðra leið með sköttum og gjöldum. Eingöngu bókanlegt á wow.is.

STÖNDUM VIÐ GEFIN LOFORÐ

Í tilefni dagsins bjóðum við öllum landsmönnum WOW verð til Parísar, London og Köben á ferðatímabilinu **1. september til 15. desember.**

WOW air stendur við kosningaloforðin sín með betri kjörum og kröftugri samkeppni með bros á vör.

**Upplifðu þitt WOW!**

LÆGRA VERÐ · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ · LOFORÐ WOW

Berlín >> Lyon >> Vilnius >> Düsseldorf >> Mílanó >> Barcelona >> Varsjá >> Alicante
París >> Amsterdam >> London >> Kaupmannahöfn >> Zürich >> Stuttgart >> Salzburg

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is